

Ársskýrsla 2008



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórnin

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Umsjón og umbrot: Pétur Berg Matthíasson stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur


Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun forsiðu: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið: September 2009



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2008

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli.....	7
Skipulag og rekstur lögreglunnar.....	9
Skipulag lögreglunnar	9
Yfirstjórn	9
Löggæsluáætlun 2007-2011.....	9
Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2008	10
Brotaflokkar, þjónustustig og traust	12
Árangursstjórnun og árangursmælingar	14
Starfsmenn lögreglunnar	15
Útgjöld til löggæslumála	16
Ríkislögreglustjóri	21
Hlutverk	21
Skipulag og yfirstjórn embættisins.....	21
Markmið.....	22
Rekstrarsvið	25
Rekstur	25
Fatnaður og búnaður lögreglumanna	25
Rafstuðtækið Taser	25
Bílarekstur lögreglunnar.....	26
Bílamiðstöð	27
Rekstur bílamiðstöðvar	28
Tölvudeild.....	29
Löggæsla og öryggi.....	31
Almannavarnadeild	31
Alþjóðadeild	35
Fjarskiptamiðstöð.....	37
Greiningardeild	39
Sérsvait.....	41
Öryggismál	42

Stjórnsýslusvið	45
Afbrotatölfræði	45
Starfsmannamál	45
Forvarnir, rannsóknir og samstarf	47
Alþjóðasamstarf	50
ID-nefndin (kennslanefnd), tæknimálefni og lögreglukerfið	51
Lögregluhundar	51
Fíkniefnalöggæsla	52
Efnahagsbrotadeild og peningaþvættisskrifstofa	53
Leiðbeiningar og reglur	54
 Lögregluembættin	 56
Stefnumótun og markmið	56
Lögreglustjórinn á Akranesi	57
Lögreglustjórinn á Akureyri	58
Lögreglustjórinn á Blönduósi	60
Lögreglustjórinn í Borgarnesi	61
Lögreglustjórinn á Eskifirði	62
Lögreglustjórinn á Húsavík	64
Lögreglustjórinn á Hvolsvelli	65
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	66
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	68
Lögreglustjórinn á Selfossi	70
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði	71
Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	73
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	74
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	77
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	79



Formáli

Starfsmenn lögreglunnar eiga mestan þátt í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað innan hennar á undanförunum árum. Lögreglumenn alls staðar á landinu hafa stofnað til og tekið virkan þátt í umræðu um bætta löggæslu og lagt grunn að þeirri starfsemi sem byggt er á.

Nú eru hins vegar óvissutímar og lögreglan stendur á tímamótum. Raunar má segja að hún hafi þurft að ganga í gegnum nokkur samfelld breytingaskeið í rúman áratug. Nauðsynlegt er að fara varlega við fyrirhugaðar breytingar á skipan lögreglumála sem nú eru í undirbúningi. Mikilvægt er að stjórnvöld íhugi vel sérhvert skref sem stigið verður í þeim efnum svo að koma megi í veg fyrir að sú mikla uppbyggingarvinna sem átt hefur sér stað á undanförunum árum fari forgörðum. Reynsla undanfarinna ára sýnir ljóslega að veruleikinn breytist dag frá degi. Aldrei hefur verið jafnmikilvægt og nú að verja þá öflugu löggæslu sem lögreglumenn um allt land reyna af fremsta megi að standa vörð um. Framtíðin mun að öðru leyti dæma um hvernig til tekst.

Í kjölfar bankahrunsins stóðu vel undirbúnir og þjálfaðir lögreglumenn vaktina svo að aðdáun vekur. Á slíkum lögreglumönnum þurfum við að halda. Starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hafa sýnt aðdáunarvert andlegt þrek við rannsóknarstörf sín, m.a. í þeim fyrirferðarmiklu og altöluðu málum sem þeim hafa verið falin til úrlausnar á undanförunum árum. Þeir hafa þolað ómaklegar árásir, persónulegt níð og jafnvel hótanir á opinberum vettvangi án þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Þegar frá líður og sagan verður skoðuð mun þó enginn efast um að starfsmenn embættisins hafi ætíð unnið í samræmi við gildandi lög og sinnt störfum sínum af fagmennsku og með réttisýni að leiðarljósi. Þó er ljóst að gera þarf ýmsar breytingar á löggjöf ef aukinn árangur á að nást við sakfellingar í efnahagsbrotamálum. Löggjöf sem ætlað var að veita viðskiptalífínu aðhald og skýr mörk hefur ekki dugað til samkvæmt niðurstöðum dómstóla.


September 2009

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri



Skipulag og rekstur lögreglunnar

Skipulag lögreglunnar



Yfirstjórn

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans, sbr. 4. gr. lögreglulaga. Aðsetur ríkislögreglustjóra er á Skúlagötu 21 og í Skógarhlíð 14 í Reykjavík.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess, sbr. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga, en auk þess eru þeim falin ýmis önnur verkefni í lögum, svo sem yfirstjórn leitar- og björgunarmála á landi, sbr. 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður almannavarna og annast ríkislögreglustjóri málefni almannavarna í umboði hans sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Löggæsluáætlun 2007-2011

Stefnu stjórnvalda í löggæslumálum má finna í löggæsluáætlun 2007-2011. Í henni er kveðið á um markmið lögreglunnar til næstu ára og hvernig lögreglan muni meta árangur á hverju ári. Tilgangurinn er að tryggja að lögreglan, stjórnvöld og almenningur geti greint árangur og það sem betur má fara í starfsemi lögreglunnar. Lögreglan mun meta störf sín út frá þremur meginflokkum: a) markmiðum um fækkun afbrota í tilteknum brotaflokkum, b) markmiðum um bætt þjónustustig og traust almennings á lögreglunni, og c) markmiðum er tengjast innra starfi lögreglunnar.



Markmið löggæsluáætlunar fyrir árið 2008

Í löggæsluáætlun er komið sérstaklega inn á innri starfsemi lögreglunnar og þau verkefni sem inna þarf af hendi til að bæta m.a. starfsumhverfið, búnað og aðferðir. Í löggæsluáætlun voru tilgreind verkefni sem ljúka átti á árinu 2008. Hér að neðan má sjá stutta samantekt um stöðu þessara verkefna.

1. Koma upp 240 manna varaliði lögreglu að fenginni lagaheimild – Lokið í árslok 2008

Ekki hefur verið unnið í þessu verkefni þar sem hvorki kom til lagabreyting á lögreglulögum né fengust fjárveitingar eins og lagt var til. Þá voru tillögur sendar til dómsmálaráðuneytis um að efla búnað fasta liðsins og fjölga í mannfjöldastjórnunarliði um 6 hópa í ljósi reynslunnar í janúar 2009 en ekki er komin niðurstaða varðandi þær. Markmiðinu hefur því ekki verið náð og óvíst er með framhald þess.

2. Efla tækjabúnað og ljúka fjölgun í sérsveitinni – Lokið í árslok 2008

Haldið var nýliðanámsskeið haustið 2008 og stefnt að því að taka inn sjö nýja sérsveitarmenn 1. nóvember sama ár. Þannig yrði sérsveitin fullmönnuð með 48 lögreglumenn í samræmi við fjárheimildir sem fengist höfðu. Vegna fjárhagslegrar stöðu ríkisins og niðurskurðar í fjárlögum til lögreglunnar var inntöku nýrra meðlima frestað. Þá hafa fjárveitingar ekki staðið undir því að ljúka við að efla tækjabúnað sveitarinnar. Markmiðinu hefur því ekki verið náð og óvíst er með framhald þess.

3. Endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar – Lokið í árslok 2008

Fresta þurfti endurskoðun á starfsmannastefnu lögreglunnar á árinu 2008. Ríkislögreglustjóri hefur hins vegar lagt áherslu á að sú endurskoðun fari fram og í ársáætlun embættisins fyrir árið 2009 er kveðið á um að starfshópur verði skipaður til að endurskoða starfsmannastefnuna og verður honum ætlað að leggja fram tillögur fyrir árslok 2009.

4. Innleiða félagastuðning fyrir lögreglumenn – Lokið á árinu 2008

Auk ríkislögreglustjóra luku 13 embætti við fyrsta skref innleiðingar félagastuðnings á árinu 2008. Stefnt er að því að þau tvö embætti sem ekki hafa lokið við innleiðingu félagastuðnings ljúki því á fyrri hluta árs 2009. Auk þess var undir lok árs gerður samningur við sálfræðistofuna Líf og sál um sálfræðipjónustu við lögreglumenn. Með samningnum er nauðsynlegur stuðningur við félagastuðningskerfið tryggður, m.a. með skjótu aðgengi að sálfræðiviðtölum og úrvinnslufundum.

5. Innleiða verkefnaðið löggæsla – Lokið á árinu 2008

Ákveðið var að ráðast í endurskoðun á handbókinni árið 2008 og var lokið við aðra útgáfu á haustmánuðum. Vonast er til að handbókin sé nú aðgengilegri en sú fyrri og betur til þess fallin að leiða lögreglumenn og samstarfsaðila í gegnum VML-ferlið. Verkefnaðið löggæsla er nú kennd í grunnnámi við Lögregluskóla ríkisins auk þess sem búið er að einfalda upplýsingasöfnun fyrir lögreglumenn með því að gera tölfraeðiupplýsingar aðgengilegri.

6. Þróa upplýsingakerfi utan starfsstöðva fyrir lögreglu – Lokið fyrir júlí 2008

Unnið var að verkefninu á árinu. Í ljós kom að mörg úrlausnarefni voru sameiginleg með þróun á gagnvirkum vef lögreglunnar. Sjá nánar umfjöllun um vef lögreglunnar undir lið 12.

7. Koma upp DNA-gagnagrunni hjá lögreglu – Lokið í árslok 2008

Lokið var við uppsetningu á DNA-gagnagrunni hjá lögreglunni um mitt ár 2008.

8. Sáttamiðlun í opinberum málum – Lokið í október 2008

Alls hafa 14 af 15 lögregluembættum tekið upp sáttamiðlun í opinberum málum. Sáttamiðlun felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots. Eitt embættið hefur ekki gert það og ber við að ekki hafi gefist tilefni til að beita þessu úrræði sökum lágrar afbrotatíðni. Hjá einu lögregluembætti hefur enn ekki tekist að ljúka sáttamiðlunarmáli með því að sættir næðust. Ekki er vitað um fjölda mála í tveimur umdæmum en samanlagt hafa 11 lögreglustjórar notað sáttamiðlun í um 150 málum, þar af eru um 100 á

höfuðborgarsvæðinu. Sjö lögreglustjórar greina sérstaklega frá því að sáttamiðlun hafi skilað góðum árangri.

9. Rannsókn á tíðni og eðli ofbeldisbrota – Lokið í árslok 2008

Ekki náðist að ljúka rannsókn á tíðni heimilisofbeldis á árinu 2008 þar sem gagnaöflun tók lengri tíma en áætlað var. Unnið er að úrvinnslu gagna en vænta má niðurstaðna á árinu 2009.

10. Starfs- og frammistöðumat fyrir lögregluna – Lokið um mitt ár 2008

Innleiðing starfsmannasamtala hófst í janúar 2008 með námskeiðum fyrir stjórnendur lögregluembætta. Fulltrúar frá embætti ríkislögreglustjóra heimsóttu einnig lögregluembætti og kynntu hið nýja fyrirkomulag. Mati á frammistöðu starfsmanna var frestað þar sem starfslýsingar fyrir stjórnendur, lögreglumenn og aðra starfsmenn liggja ekki fyrir í öllum lögregluumdæmum.

11. Kostnaðarbókhald fyrir lögregluna – Lokið í árslok 2008

Meiri tími hefur farið í að innleiða kostnaðarbókhald en áætlað var, en ríkislögreglustjóri stefnir að því að það verði tekið upp fyrir árslok 2009.

12. Innleiða nýjan vef með gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar – Lokið í árslok 2007

Með nýjum vef er ætlunin að bjóða upp á þjónustu á lögregluvefnum sem er sambærileg og veitt er á lögreglustöðvum. Markmiðið er að nýtt fyrirkomulag auðveldi almenningi leyfaumsóknir og upplýsingaöflun hjá lögreglunni. Áætlað er að það muni dragi úr vinnu hjá lögreglunni við meðhöndlun og innslátt tengdra gagna. Einnig er þess vænst að þjónusta lögreglunnar verði skilvirkari og að almenningur finni að þjónusta lögreglunnar hafi batnað.

Vinna við nýjan og gagnvirkan vef lögreglunnar var komin af stað á árinu 2007. Í ljós kom að verkefnið var flóknara og dýrara en svo að hægt var að fjármagna það inna ramma fjárheimilda ríkislögreglustjóra. Á árinu 2008 var unnið að fjármögnun verkefnisins og niðurstaða fékkst með vilyrði um fjármögnun af safnlið forsætisráðuneytisins. Alls er áætlað að 28 m.kr. komi til verkefnisins á næstu fimm árum. Í fjárlögum 2009 var samþykkt að veita 5 m.kr. til verkefnisins.

Brotaflokkar, þjónustustig og traust

Í löggæsluáætlun er kveðið á um að lögreglan muni meta störf sín og árangur út frá því hversu vel hafi tekist til að ná markmiðum um fækkun tiltekinna brota. Einnig mun mat á starfi lögreglunnar byggjast á könnunum um öryggistilfinningu borgaranna og trausti þeirra á störfum hennar. Hingað til hefur lögreglan einblínt á afbrotatíðni en með tilkomu löggæsluáætlunar verða þættir eins og traust,

öryggistilfinning, viðhorf og mat á þjónustupáttum metnir kerfisbundið og niðurstöður notaðar við stefnumótun og markmiðasetningu til framtíðar.

Polendakannanir hafa verið skilgreindar sem lykiltæki til að meta hvort lögreglan sé að ná þeim markmiðum sem sett eru í löggæsluáætlun til ársins 2011. Í samræmi við áherslur í löggæsluáætlun stóð ríkislögreglustjóri í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að gerð þolendakönnunar fyrir árið 2007 og voru niðurstöður birtar opinberlega í skýrslu frá ríkislögreglustjóranum í október 2008. Nánar er fjallað um niðurstöðurnar í kaflanum um stjórnsýslusvið ríkislögreglustjóra.

Í töflu A má sjá tiltekna brotaflokka sem sérstök áhersla er lögð á skv. löggæsluáætluninni. Eins og fram kemur í töflu A hér að neðan hefur hegningarlagabrotum fjölgað umtalsvert á síðustu þremur árum. Meðalfjöldi hegningarlagabrota árin 2006-2008 var um 4% meiri (446) en á tímabilinu 2005-2007 en markmiðið var að fækka þeim um 2%. Brotum gegn lífi og líkama fjölgar ekki á milli tímabila en auðgunarbrotum fjölgaði hins vegar um rúm 8%.

Tafla A. Brotaflokkar

Brotaflokkar	Svæði	Meðalfjöldi* brota 2005-2007**	Markmið 2008	Meðalfjöldi brota 2006-2008
Hegningarlagabrot	Allt landið	427 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 418	446
Auðgunarbrot	Allt landið	210 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 206	226
Brot gegn lífi og líkama***	Allt landið	53 brot miðað við 10.000 íbúa (meðalfjöldi síðustu þriggja ára)	Fækka um 2% 52	53

* Tekið er meðaltal síðustu þriggja ára miðað við tíu þúsund íbúa.

**Athuga breyttar tölur, miðað var við bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 í löggæsluáætlun og þær hafa því tekið breytingum frá því áætlunin kom út maí 2007.

***Brot gegn lífi og líkama eru annars vegar kynferðisbrot og hins vegar manndráp og líkamsmeiðingar.

Hafa ber í huga að árið 2005 var tölvukerfi tekið í notkun hjá lögreglunni og gæti það skýrt þessa fækkun brota milli ára.

Lögreglan mælist sem fyrr með næstmesta traustið og stendur nánast í stað á milli ára. Úr trausti til lögreglunnar dró um 1 prósentustig, úr 80% árið 2007 í 79% árið 2008. Þrátt fyrir það er traust til lögreglunnar með því allra hesta síðan Gallup hóf að mæla traust til stofnana árið 1993.

Tafla B. Traust til lögreglunnar (sjá nánar löggæsluáætlun 2007-2011)

Starfsemi	Embætti	Markmið 2008	Niðurstaða 2008*	Markmið 2011
Hlutfall almennings sem ber traust til lögreglunnar	Allt landið	80%	79% almennings bera traust til lögreglunnar	80%

* Gallup gerir könnun á trausti í janúar/febrúar ár hvert. Tekið er mið af könnun sem gerð var í febrúar 2009 og birt í mars 2009 til að meta traust á árinu 2008.

Í löggæsluáætlun var traust til lögreglunnar skilgreint sem mælikvarði og er markmið hennar að traust sé 80% á hverju ári til ársins 2011.

Árangursstjórnun og árangursmælingar

Í öllum árangursstjórnunarsamningum er kveðið á um skyldur og ábyrgð samningsaðila, m.a. ber lögregluembættum að skila ársskýrslu og ársáætlun á hverju ári. Ríkislögreglustjóri leiðbeinir embættum um forsendur fyrir stefnumörkun, tekur afstöðu til gagna og metur árangur af starfsemi embættanna. Ríkislögreglustjóri skilar ársskýrslu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þar sem gerð er grein fyrir árangri af starfi lögregluembættanna með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætlun.

Afrakstur og útkoma lögreglunnar er metin út frá mælikvörðum sem fram koma í löggæsluáætlun 2007-2011. Árangursmælingar eiga að vera öflugt stjórnþæki og hefur fjármálaráðuneytið skilgreint hvernig mælikvarðar þurfa að vera til að svo megi verða. Það er ljóst að í upphafi, þegar byrjað er að nota mælikvarða sem ekki hafa verið notaðir áður, verða niðurstöður ekki alveg í samræmi við markmiðin. Það á þó ekki að koma að sök þar sem fyrsta árið sem árangursmælikvarðar eru notaðir þarf að skoða niðurstöður þeirra með sérstaklega gagnrýnum hætti, hvort sem markmiðin nást eða ekki.

Öll lögregluembættin skiluðu ársskýrslu fyrir árið 2007 og langtímaáætlun 2008-2011 í samræmi við ákvæði í árangursstjórnunarsamningum sem ríkislögreglustjóri gerði við lögregluembættin í desember 2007.

Starfsmenn lögreglunnar

Alls voru 660 lögreglumenn (lögreglumenn sem lokið hafa prófi frá LSR og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2008. Þar við bætast 80 héraðslögreglumenn og 79 lögreglunemar sem voru við nám í Lögregluskólanum í byrjun árs 2008.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2008 eftir starfsstigum

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemar	Alls
Akranes	1		1	3		2	1	8		2	10
Akureyri	1	1	3	12	1	17	2	37	6		43
Blönduós	1			3		3		7	6		13
Borgarnes	1		1	3		4		9	10		19
Eskifjörður	1		2	4		8		15	12		27
Húsavík	1			4		4		9	6		15
Hvolsvöllur	1			2		4		7	5		12
Höfuðborgarsvæðið	4	11	34	144		105		298		29	327
Lögregluskólinn	2		7					9		45	54
Ríkislögreglustjórnin	2	11	35	18		23		89			89
Sauðárkrúkur	1			4		4		9	6		15
Selfoss	1	1	1	8		12	2	25			25
Seyðisfjörður	1		1	3		5		10	8		18
Snæfellsnes	1		1	2		6		10	6	1	17
Suðurnes	2	6	15	28	1	24	6	82		2	84
Vestfirðir	1	1	3	6		10	2	23	15		38
Vestmannaeyjar	1		1	4		6	1	13			13
Samtals	23	31	105	248	2	237	14	660	80	79	819

Útgjöld til löggæslumála

Á árinu 2008 námu heildarútgjöld til löggæslu ríflega 7,8 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 5,4 milljarða árið 2004. Hér að neðan má sjá töflu um útgjaldaþróun til löggæslumála eftir umdæmum samkvæmt ríkisreikningi fyrir árin 2004, 2006 og 2008. Fyrir árin 2004 og 2006 eru tekin samanlögð útgjöld þeirra lögregluembættanna sem sameinuð voru þann 1. janúar 2007. Dæmi: Útgjöld lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2004 og 2006 eru samanlögð útgjöld lögreglustjórans í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli. Þegar útgjöld lögregluembættanna og Lögregluskólans eru skoðuð má greina mikla hækkun milli áranna 2006 og 2008 hjá Lögregluskólanum, eða um 48%. Að hluta til skýrir fjölgun brautskráðra þessa hækkun, árið 2006 voru þeir 35 en 77 árið 2008.

Tafla 2. Útgjaldaþróun ríkissjóðs* vegna löggæslu árin 2004, 2006 og 2008


Heiti stofnunar	2004	2006	2008
Ríkislögreglustjóri**	832.934.759	1.087.857.511	1.459.654.266
Lögregluskóli ríkisins***	142.686.808	169.039.702	250.888.483
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	2.425.739.049	2.847.750.256	3.304.274.488
Lögreglustj. á Suðurn. og sýslumaður	582.491.237	769.555.246	786.013.945
Lögreglustjórinn á Akranesi	91.245.615	104.673.283	113.273.613
Lögreglustjórinn í Borgarnesi	77.058.788	94.608.342	118.998.679
Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi	78.773.777	86.100.696	112.113.554
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	174.825.467	194.754.506	223.768.897
Lögreglustjórinn á Blönduósi	59.839.178	70.616.719	84.082.336
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	68.598.073	76.544.357	94.027.562
Lögreglustjórinn á Akureyri	299.751.923	293.104.836	348.464.910
Lögreglustjórinn á Húsavík	88.578.777	96.082.391	117.036.410
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði	80.662.807	90.288.693	113.759.260
Lögreglustjórinn á Eskifirði	129.193.275	150.847.241	182.751.287
Lögreglustjórinn á Hvalselli	78.516.004	93.797.520	109.798.185
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	80.831.934	93.353.518	104.667.264
Lögreglustjórinn á Selfossi	182.154.170	203.065.381	242.539.167
Samtals	5.473.881.641	6.561.946.198	7.766.112.306

*Tölur um útgjöld til löggæslu eru byggðar á upplýsingum úr ríkisreikningi.

**Embætti ríkislögreglustjóra hefur fleiri verkefni með höndum en þau sem teljast til löggæslu, svo sem almannavarnir. Jafnframt stendur embættið straum af ýmissi sameiginlegri þjónustu og verkefnum fyrir öll lögregluumdæmi landsins, svo sem sersveit, alþjóðadeild, fjarskiptamiðstöð og tölvumiðstöð. Það skýrir útgjaldaþróun í samanburði við lögregluembætti. Kostnaður vegna bílamiðstöðvar dreifist á embættin.


***Lögregluskóli ríkisins gegnir mikilvægu hlutverki sem menntastofnun lögreglunnar.

Samtals unnu lögreglumenn 726,4 ársverk á árinu 2008. Um er að ræða fækkun á ársverkum milli ára, úr 730 árið 2007 í 726. Árið 2006 voru ársverk lögreglumanna 741 og hefur því ársverkum fækkað um 15 á síðustu tveimur árum. Tölur um fjölda ársverka eru fengnar frá rekstrar- og fjármálaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.



Mynd 1. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2007 og 2008.

Línuritið hér að neðan sýnir samanburð á hlutfallslegri þróun launavísitölu, ársverka og heildarlauna. Einnig koma heildaryfirvinnulaun lögreglumanna fram í línuritinu til samanburðar. Sem dæmi hækkar launavísitalan frá 2004-2005 um 6,75% og 25,31% frá 2004-2007. Til samanburðar hækkar heildarlaunakostnaður á sama hátt um 14,86% og 28,77%. Á árinu 2008 fækkaði ársverkum í dagvinnu en þeim hefur þó fjölgað um 2,86% frá árinu 2004. Heildaryfirvinnulaun, greidd í milljónum króna, drógust saman um rúm 5,5% milli ára. Tölur eru byggðar á ríkisreikningi og gögnum frá rekstrar- og fjármálaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.



Mynd 2. Samanburður á þróun launavísitölu, ársverka og launa allra löggæsluembætta frá 2004-2008.






Ríkislögreglustjóri

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna, í umboði dómsmálaráðherra.

Skipulag og yfirstjórn embættisins



Skipurit embættisins var einfaldað og meginstöðum þess var fækkað úr fimm í þrjár í kjölfar skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2007. Undir löggæslu- og öryggissviði embættisins falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsýslusviði falla starfsmannamál, samræming og innra eftirlit, forvarnir og fjölmiðlasamskipti, tölfraði, útgáfumál og þróunarverkefni, tæknimál, rannsóknir og lögfræðileg málefni. Undir rekstrarsviði falla fjármál og rekstur, einkennisföt og búnaðarmál lögreglu, rekstur bílamiðstöðvar, upplýsingatæknimál og skrifstofuhald.

Markmið

Meginhlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í árangursstjórnunarsamningi og felst í því að:

- leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna,
- fara með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna í landinu í umboði dómsmálaráðherra,
- gera tillögu til dómsmálaráðherra að löggæsluáætlun og sjá um framkvæmd staðfestrar löggæsluáætlunar.

Markmið er að:

- tryggja öruggt samfélag,
- fækka afbrotum, einkum ofbeldis- og fíkniefnatengdum brotum,
- efla þjónustu lögreglunnar þannig að hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga,
- styrkja rannsóknir mála, leggja áherslu á að auka gæði rannsókna og hraða vinnslu mála. Áhersla skal lögð á að sinna vel þolendum afbrota og vitnum,
- efla rannsóknir á sviði umfangsmikilla efnahagsbrota sem og á beitingu rafrænna aðferða við framkvæmd brota,
- vinna í samstarfi við aðra að því að stemma stigu við síbrotum og vinna markvisst að forvörnum í þeim tilgangi að fækka ungum afbrotamönnum,
- gera ráðstafanir ásamt lögreglustjórum til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu,
- berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi,
- efla þekkingu og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaoðryggis og gera lögreglu hæfari til þess að bregðast við á hættustundu,
- stuðla að nánú samstarfi við nágrannabjóðir á sviði löggæslu.

Meginverkefni greinast í eftirfarandi þætti:

1. Að tryggja öryggi ríkisins á sviði löggæslu og almannavarna.
2. Stuðningur við lögregluna í landinu, stjórn lögregluaðgerða þegar aðstæður krefjast þess og eftirfylgni með því að markmiðum lögreglu sé náð.
 - a. Miðlun upplýsinga, samskipti og samræming.
 - b. Aðstoð, stjórnun og eftirfylgni.
3. Löggæsluáætlun.
4. Þróun verkefna.





Rekstrarsvið

Rekstur

Á árinu jókst rekstrarkostnaður embættisins um tæp 9,5% frá fyrra ári. Aukningin er einkum tilkomin vegna breytinga á rekstri tölvumiðstöðvar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en árið 2008 var rekstur hennar, auk ýmiss annars kostnaðar, gjaldfærður hjá ríkislögreglustjóra. Kostnaður hjá embættinu jókst einnig umfram áætlanir í tengslum við uppbyggingarstarf í kjölfar jarðskjálfta sem varð á Suðurlandi 29. maí 2008.

Tafla 3. Útgjaldaþróun ríkislögreglustjóra árin 2008-2004

Gjaldaliðir	2008	2007	2006	2005	2004
Laun	987.858	934.793	753.002	657.038	567.190
Ferðir og fundir	49.807	52.459	49.034	46.976	53.502
Rekstrarvörur	42.097	40.213	26.413	38.337	24.089
Aðkeypt þjónusta	223.070	151.743	105.061	101.704	90.278
Húsnæði	85.543	78.962	85.827	64.179	57.852
Bífreiðar og vélar	41.558	38.842	28.648	24.975	21.206
Vextir, bætur, skattar	1.123	801	331	268	209
Eignakaup	18.272	25.990	36.009	37.723	16.292
Tilfærslur	10.326	9.718	3.532	3.936	2.317
Rekstrarkostnaður alls	1.459.654	1.333.521	1.087.857	975.136	832.935
Sértækjur alls	- 129.582	- 72.277	- 24.121	- 15.546	- 33.864
Markaðar tekjur	-	- 6.454	- 6.044	- 5.696	- 5.333
Gjöld umfram sértækjur	1.330.072	1.254.790	1.057.692	953.894	793.738

Fatnaður og búnaður lögreglumanna

Þann 1. janúar 2008 varð óheimilt að nota eldri gerðir einkennisfatnaðar lögreglunnar. Öll lögregluliðin höfðu fengið nýja einkennisbúninga á lögreglumennina. Miðað er við að lögreglumenn fái endurnýjaðan fatnað eftir þörfum. Á árinu hækkaði innkaupaverð á fatnaði verulega en skýringar má finna í verulegri lækkun á gengi íslensku krónunnar á mörkuðum. Í lok árs var innkaupaverðið orðið það hátt að rétt þótti að hefja undirbúning að nýju einkennisfataútboði. Markmið fyrirhugaðs útboðs er að einfalda fatnað með lækkun á kostnaði sem meginmarkmið.

Rafstuðtækið Taser

Á árinu hefur embættið unnið að því að athuga hvort rafstuðtækið Taser geti aukið öryggi almennings og lögreglumanna. Eftir umfangsmikla greiningu og prófanir á tækinu skilaði embættið greinargerð ásamt tillögum til dóms- og kirkjumálaráðherra um takmarkaða notkun tækisins.

Flest núverandi valdbeitingartæki lögreglunnar hafa það í för með sér að lögreglumaðurinn verður að vera nokkuð nærri brotamanni til þess að yfirbuga hann. Með Taser-tækinu getur lögreglumaðurinn staðið í nokkurra metra fjarlægð frá brotamanni og yfirbugað hann með því að veita honum rafstuð.

Meginniðurstaða ríkislögreglustjóra var sú að tækið hafi umtalsverða kosti sem valdbeitingartæki með takmarkaðri áhættu. Þó var ekki talin ástæða að svo stöddu að búa öll lögreglulið rafstuðtæki en heimila sérsveit ríkislögreglustjóra notkun á því til reynslu sem valkosti í stað skotvopna.

Kylfur

Á árinu hafa nokkrar gerðir af útdraganlegum kylfum verið prófaðar og leitað er eftir nýjum tegundum sem eru hagkvæmari í innkaupum en þær gömlu. Þess er gætt að þær standist kröfur sem gerðar eru til valdbeitingartækja lögreglunnar.

Bílarekstur lögreglunnar


Upphaf núverandi fyrirkomulags bílareksturs lögreglunnar má rekja til þess að á árinu 1998 stóð dóms- og kirkjumálaráðuneytið fyrir greiningu á stöðu ökutækja lögreglunnar. Í þeirri greiningu kom fram að af 165 lögreglubifreiðum í landinu var tæplega helmingur ökutækja eldri en 5 ára. Í algjört óefni stefndi vegna aldurs og ástands bifreiðanna og var forgangsakstursbúnaður meira og minna úr sér genginn. Fjárveitingar til endurnýjunar höfðu staðið í stað árum saman og ljóst að þær dygðu ekki óbreyttar til þess að leysa vandann.

Ríkislögreglustjóra var falin yfirumsjón með rekstri ökutækja lögreglunnar á árinu 2000 og til þess að bæta úr þeirri stöðu sem kom fram við stöðugreininguna. Byggt var á kerfi sem Vegagerðin notar við rekstur sinna ökutækja.

Markmið hins nýja skipulags er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum og að lögreglubifreiðar verði ætíð í fullkomnu ásigkomulagi og uppfylli öryggiskröfur samkvæmt þeim stöðlum sem gilda um lögreglubúnað.

Einnig var stefnt á að ná sem mestri rekstrarhagræðingu í krafti stærðar.

- Tryggja jafna og stöðuga endurnýjun ökutækja.
- Tryggja að ökutækin séu búin besta búnaði.
- Tryggja eðlilegt viðhald og öryggi ökutækja.
- Losa yfirmenn einstakra lögregluliða við ökutækjarekstur.



Mynd 3. Meðalaldur ökutækja lögreglunnar árin 2000-2008.

Bílamiðstöð

Ríkislögreglustjóri starfrækir bílamiðstöð í Skógarhlíð 14 og er henni ætlað að vera stoðdeild við öll lögregluembættin í landinu. Markmið hennar er að auka hagræðingu í rekstri, ná fram aukinni samnýtingu ökutækja og búnaðar. Verkefni bílamiðstöðvar er þjónustuviðhald ökutækja og búnaðar:

- Almenn þrif og forvarnarskoðanir.
- Að framfylgja öryggiskröfum varðandi ökutæki og búnað.
- Ákvarðanir um viðgerðir á ökutækjum og búnaði.
- Sérstakt eftirlit með kostnaði, meðferð og notkun ökutækja.
- Að vera ráðgefandi um sölu, tilfærslur og endurnýjun ökutækja.
- Skipulagning á standsetningu nýrra ökutækja og sölumeðferð eldri ökutækja.
- Að halda utan um bílaleigubíla í sérverkefnum fyrir lögregluembættin.
- Að hafa til reiðu aðstöðu fyrir skoðun á meintum brotatækjum fyrir rannsóknardeildir og aðstoð við þá vinnu.
- Að hafa til reiðu aðstöðu til leitar að meintum fíkniefnum í ökutækjum fyrir toll og lögreglu og aðstoð við þá vinnu.
- Önnur verkefni.

Með miðlægri umsýslu hefur náðst aukin hagkvæmni í rekstri þar sem lögð er áhersla á að velja hagkvæmustu ökutækin og bæta búnað tækjanna. Ef litið er til breytinga á vísitölu neysluverðs frá stofnun bílamiðstöðvarinnar árið 2000 og fram til ársins 2008 má sjá að heildarkostnaður á tímabilinu hefur aukist um 42%, en vísitala hefur hækkað um 55%. Af því má ráða að kostnaður vegna bílareksturs lögreglunnar hefur aukist minna en sem nemur almennri breytingu á verðlagi. Á sama tíma hefur náðst að lækka meðalaldur ökutækjanna.

Rekstur bílamiðstöðvar

Í lok janúar 2008 lágu útboðsgögn Ríkiskaupa fyrir um val á ökutækjum. Kaupáætlun ríkislögreglustjóra var jafnframt tilbúin á sama tíma. Í henni var gert ráð fyrir um 125,0 m.kr. til nýkaupa á ökutækjum og standsetningu þeirra til lögregluembættanna.

Samtals voru keypt og standsett 20 ný ökutæki á árinu. Lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Akureyri, í Borgarnesi, á Eskifirði, Húsavík, Hvolsvelli, Selfossi, Suðurnesjum og Vestfjörðum, ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra, fengu ný ökutæki ásamt búnaði. Nam kostnaðurinn um 123,0 m.kr. sem var innan áætlunar. Hluti af búnaðinum var fenginn af framlagi Umferðaröryggissjóðs, sem nam um 12 m.kr. Ákveðið var að fresta nýkaupum á þremur ökutækjum í október vegna erfiðleika á fjármálamarkaði og veikrar stöðu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sem leiddu til umtalsverðrar hækkunar á verði nýrra ökutækja.



Samkvæmt samningi á milli ríkislögreglustjóra, samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu voru fjögur ný lögreglubífhjól tekin í notkun á árinu og voru þau afhent lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar þeim 10 lögreglubífhjólum sem fyrir voru þar. Hjólin voru standsett með radartækjum. Samkvæmt samningnum voru einnig sett 6 ný radar- og upptökutæki í bíla hjá lögregluembættunum. Eyewitness-upptökutæki eru nú í 70% af merktum ökutækjum lögreglunnar og er það í samræmi við stefnumótun ríkislögreglustjóra um búnað ökutækjanna.

Heildarakstur ökutækja lögreglunnar nam 5.137.614 km á árinu. Kostnaður vegna tjóna hækkaði töluvert og nam hann um 13,0 m.kr., sem skýrist m.a. af mikilli

hækkun á verði útseldrar vinnu þjónustuaðila. Kostnaður vegna tjóna var um 2,5 kr. á hvern ekinn kílómetra. Starfshópur ríkislögreglustjóra sem metur tjón lögregluökutækja fundaði reglulega á árinu og leitaði leiða til að fækka tjónum.

Bílamiðstöðin tók í notkun nýjar verklagsreglur um meðferð óskilamuna sem finnast í ökutækjum lögreglunnar sem koma í þjónustuviðhald í bílamiðstöðina. Hvert tilvik er skráð og er úthlutað málsnúmeri. Verklagsreglurnar komu að góðum notum á árinu. Á árinu fóru um 5000 ökutæki í gegnum þvott og daglegt þjónustuviðhald í Skógarhlíð. Lögregluembættin nýttu sér þjónustu bílamiðstöðvarinnar til rannsóknar á meintum brotataekjum ásamt því að bílamiðstöðin aðstoðaði landhelgis- og tollgæsluna í ýmsum verkefnum eins og undanfarin ár. Að frumkvæði ríkislögreglustjóra voru haldin á árinu sérstök námskeið í forgangsakstri undir leiðsögn erlendra ökukennara. Námskeiðin eru liður í því að bæta starfsaðferðir lögreglu og draga úr líkum á akstursöhöppum. Bílamiðstöðin aðstoðaði við að útvega lögregluökutæki í samvinnu við lögregluembættin.

Tölvudeild

Embætti ríkislögreglustjóra hefur um langt árabil starfrækt tölvudeild sem hefur það hlutverk að annast daglegan rekstur málaskrár lögreglu og leiða þróun hennar. Einnig hefur tölvudeildin sinnt stefnumörkun vegna kerfismála lögreglunnar, auk innri þjónustu við starfsmenn embættisins. Breytingar á rekstri tölvumiðstöðvar dómismálaráðuneytisins (TMD) leiddu af sér breytingar hjá tölvudeild ríkislögreglustjóra, sem tók við rekstri miðlægrar þjónustu við öll lögregluembætti, Fangelismálastofnun, ríkissaksóknara og Útlendingastofnun. Árið 2007 einkenndist af miklum breytingum, einkum vegna endurskipulagningar á rekstri vélbúnaðar hjá embættinu auk þess sem unnið var að framtíðarskipulagi tölvumála lögregluembættanna. Unnið er að því að auka miðlæga vinnslu í því augnamiði að fækka vefþjónum hjá embættunum, en talið er að það geti leitt til verulegs sparnaðar og aukins öryggis. Samhliða þessum breytingum er einnig unnið að því að færa alla starfsmenn lögreglunnar á lénið logreglan.is.

Lögreglakerfið sem tekið var í notkun 1. febrúar 2005 hefur slitið barnskónum og reynst öflugt til að mæta þörfum lögreglunnar. Unnið var að því að endurbæta kerfið og byggja upp nýja möguleika í því. Ein af forsendum frekari uppbyggingar var að uppfæra gagnagrunn kerfisins. Hafist var handa við að undirbúa uppfærslu á gagnagrunni lögreglakerfisins á seinni hluta ársins 2008. Ríkislögreglustjóri hefur haldið utan um og sinnt þjónustu við öll lögregluembætti, Fangelismálastofnun, ríkissaksóknara og Útlendingastofnun. Þessi grunnþjónusta er byggð utan um safn ákveðinna þátta sem eru taldir nauðsynlegir til þess að embættin geti tengst þjónustu tölvudeildar á öruggan hátt.



Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Tvö verkefni settu öðru fremur svip sinn á árið 2008, ný almannavarnalög, nr. 82/2008, sem breyta starfsskipulagi almannavarna á landsvísi, og jarðskjálftinn 29. maí 2008 á Suðurlandi, þegar aðgerðaskipulag deildarinnar var virkjað að fullu. Almannavarnadeildin sér um rekstur Samhæfingarstöðvarinnar og var hún virkjuð í 71 skipti, ýmist vegna almannavarnaaðgerða eða leitar og björgunar. Í lok ársins hætti almannavarnadeildin að starfrækja VHF-fjarskiptakerfi almannavarna og tók alfarið upp neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið TETRA.

Margar nýjungar eru í almannavarnalögunum, m.a. er starfsskipulagi almannavarna í landinu breytt. Lögin skerpa á því hlutverki almannavarna að undirbúa og skipuleggja ráðstafanir til að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi almennings og heilsu, umhverfi og / eða eignum. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða takmarka tjón vegna náttúruhamfara, af mannavöldum, farsóttu, hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum. Fleiri nýjungar eru í lögunum, svo sem heimild til að starfrækja þjónustumiðstöðvar vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands. Hlutverk miðstöðvarinnar er að upplýsa almenning og veita þeim þjónustu sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein áhrif á. Með þessu er verið að tengja starf almannavarna í fyrsta sinn við verkefni eftir að neyðaraðstoð lýkur. Þá verður sett á stofn rannsóknarnefnd almannavarna sem starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum. Að loknu hættuástandi mun rannsóknarnefndin rannsaka þær viðbragðsáætlanir sem stuðst var við og viðbrögð viðbragðsaðila.

Jarðskjálfti á Suðurlandi

Styrkur jarðskjálftans 29. maí 2008 var 6,2 á Richter-skala og átti hann upptök sín á Suðurlandi, milli Hveragerðis og Selfoss. Strax eftir skjálftann var hafist handa við að kanna umfang hans, fullt viðbragð var sett í gang og allt tiltækt lið sent á skaðasvæðið. Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var fullmönnuð í aðgerð sem varð ein sú lengsta í sögu stöðvarinnar. Aðgerða- og vettvangsstjórnir á Suðurlandi stjórnðu aðgerðum og var Samhæfingarstöðin þeirra bakhjarl. Fljótlega kom í ljós að mikið eignatjón varð í jarðskjálftanum, en ekkert manntjón. Eftir jarðskjálftann sinntu starfsmenn almannavarnadeildarinnar ýmsum verkefnum á vettvangi við skipulagningu og samhæfingu. Ákveðið var að nýta heimild í nýjum almannavarnalögum og opna þjónustumiðstöð á skaðasvæðinu og til að byrja með voru þær tvær, í Hveragerði og á Selfossi. Verkefnastjóri var ráðinn og starfaði hann með almannavörnum, íbúum og sveitarstjórnnum skaðasvæðisins og öðrum stjórnvöldum að endurreisnarstarfinu út árið 2008.

Heilbrigðismál

Lokið var við landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu á árinu, en það var samstarfsverkefni ríkislögreglustjóra og sóttvarnarlæknis. Undirbúningsvinna hófst árið 2005 og lauk með útgáfu landsáætlunar í lok mars 2008 þegar Haraldur Briem sóttvarnalæknir og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri undirrituðu áætlunina.

Á árinu var hafist handa við undirbúning að gerð viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana í samvinnu við landlæknisembættið og Landspítala og er stefnt að því að í lok árs 2009 verði til samræmdar viðbragðsáætlanir allra heilbrigðisstofnana í landinu. Þá var tekið í notkun nýtt kerfi til forgangsflokkunar sjúklinga á slysavettvangi, svonefnt bráðaflokkunarkerfi.

Fulltrúar viðbragðsaðila fengu bráðaflokkunartöskur afhentar í desember að viðstöddum heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra í Samhæfingarmiðstöðinni við Skógarhlíð.

Viðbragðsáætlanir

Áfram var unnið að gerð viðbragðsáætlana og voru haldnar æfingar í tengslum við þær. Flugslysaáætlanir voru uppfærðar og æfðar fyrir Vestmannaeyjaflugvöll, Þingeyrarflugvöll og Bakkaflugvöll. „Skrifborðsæfing“ var haldin fyrir Keflavíkurflugvöll og áætlunin uppfærð. Þá var áfram unnið að uppfærslu viðbragðs- og rýmingaráætlunar vegna eldgoss í Eyjafjallajökli í samvinnu við almannavarnanefndir á svæðinu. Í tengslum við viðbragðsáætlun vegna eldsumbrota í Mýrdsjökli voru reist upplýsingaskilti við gönguleiðir í nágrenni jökulsins og veggspjöld sett í sæluhús. Einnig var hugað að viðbúnaði fyrir Heklugos vegna fjölda ferðamanna sem sækir fjallið.

Þjálfun og kennsla

Eins og síðastliðin ár hefur almannavarnadeildin í samvinnu við Lögregluskólann, Brunamálaskólann og Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar haldið námskeið í vettvangsstjórn við almannavarnaástandi. Árið 2008 var einnig farið út á landsbyggðina með námskeið. Þá var efnið tekið inn í grunnnám lögreglunema við Lögregluskólann. Á árinu var ákveðið að starfsmenn Landspítala mönnuðu sæti heilbrigðisstarfsmanna í Samhæfingarstöðinni. Kynningarnámskeið var haldið fyrir þessa nýju starfsmenn í maí og jafnframt voru haldnir fræðslufundir mánaðarlega. Landspítalinn æfði viðbrögð við hópslysi í september og náði æfingin til heilbrigðisstarfsmanna í Samhæfingarstöðinni.

Farið var yfir viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Kötlu með forsvarsmönnum og starfsmönnum ferðapjónustunnar á áhrifasvæði áætlunarinnar. Lögreglustjórinn á Hvolsvelli kynnti áætlunina ásamt starfsmönnum almannavarnadeildarinnar. Útbúið var kennsluefni fyrir grunnskólanema sem kynnt var forráðamönnum skóla, foreldrum og börnum á jarðskjálftasvæðinu á Suðurlandi.



Áhættuskoðun og áhættugreining

Áhættuskoðun í lögregluumdæmunum hélt áfram á árinu. Starfsmenn almannavarnadeildarinnar luku við gagnaöflun og höfðu þá öll umdæmin verið heimsótt, verkefnið kynnt og jafnframt fengu heimamenn tækifæri til að útfæra það frekar. Þar voru skráð hugsanleg atvik sem geta skapað hættu í umdæmunum og jafnframt lagt mat á þörfina fyrir gerð viðbragðsáætlana og forgangsröðun verkefna. Í áhættuskoðuninni kom fram brýn þörf á ýmsum verkefnum um landið og í framhaldinu hófst undirbúningsvinna að skoðun áhrifasvæðis Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum með tilliti til stórhlaupa vegna eldgosa undir norðanverðum Vatnajökli og leysingaflóða.

Fundir, ráðstefnur og námskeið

Vísindamannaráð og starfsmenn almannavarnadeildarinnar héldu nokkra fundi á árinu um framvindu og þróun bæði vegna jarðskjálftans 29. maí og hugsanlegra eldgosa í Heklu og norðan Vatnajökuls.

Starfsmenn almannavarnadeildar sitja í vinnuhópum sem tengjast almannavörnum, um neyðarstjórn raforkugeirans, um stórslys í iðnaði og um kortlagningu flóða. Starfsmenn tóku þátt í nokkrum ráðstefnum á árinu og fluttu fyrirlestra um málefni almannavarna. Á ráðstefnu um snjóflóðavarnir á Egilsstöðum var fjallað um mótvægisáðgerðir vegna snjóflóða. Fyrirlestur um áhættuskoðunarverkefnið

var fluttur í maí á norrænni ráðstefnu í Björgvin í Noregi. Fjallað var um viðbúnað vegna stórátaka og um borgaralegan stuðning NATO við almannavarnaáðgerðir á norrænu heilbrigðisviðbúnaðarþingi í Reykjavík í september og á ráðstefnunni Björgun 2008 í október var fjallað um jarðskjálftann á Suðurlandi 29. maí og nýju almannavarnalögin.



Þá fóru tveir starfsmenn deildarinnar í boði Institute for National Defence and Security Policy Studies í Stokkhólmi á námskeið í neyðarstjórnun og áætlunargerð og fluttu fyrirlestur um neyðarskipulagið á Íslandi og viðbrögð við jarðskjálftanum 2008. Einnig fór hópur viðbragðsaðila í starfs kynningu á vegum sérstakrar almannavarnaáætlunar hjá Evrópusambandinu. Gestgjafi í ferðinni var Technisches Hilfswerk, sem er stofnun sjálfboðaliða í Þýskalandi. Tilgangur með heimsókninni var að efla þekkingu og tengsl sérfræðinga í almannavörnum. Fulltrúar almannavarnadeildarinnar taka þátt í verkefni á vegum Evrópusambandsins CO-SAFE, sem fjallar um öryggi íbúa í strjálbýlum byggðum á norðurslóðum og eru samstarfsmenn verkefnisins frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.

Samstarf á alþjóðavettvangi var við Evrópusambandið, EFTA og Norðurlönd. Í byrjun ársins voru nokkrir fundir sóttir en um mitt árið var fundasókn hætt vegna aðstæðna í efnahagsmálum á Íslandi.

Alþjóðadeild

Starfsemi alþjóðadeildar var með hefðbundnu sniði árið 2008. Verkefnum hefur fjölgað milli ára eins og svo oft áður. Þar má nefna stækkun Schengen-svæðisins en á árinu bættust Sviss og Liechtenstein við hóp þeirra 24 ríkja sem fyrir voru í samstarfinu. Umsóknir um ríkisborgararétt eru nú yfirfarnar í deildinni, þar sem ríkislögreglustjóri er einn af umsagnaraðilum. Auk þess stendur til að ábendingalína Barnaheilla sem gefur almenningi tækifæri til að tilkynna um hugsanlegt barnaklám á Netinu færist til deildarinnar. Samkvæmt nýjum verklagsreglum mun alþjóðadeildin hafa umsjón með dreifingu og umsýslu upplýsinga varðandi einstaklinga í farbanni en fjöldi þeirra sem úrskurðaðir eru í farbann á hverju ári fer ört vaxandi.

Interpol, Europol, PTN, SIRENE, skipalistar, fíkniefnasíminn

Interpol-samstarfið gengur vel og samskiptakerfi Interpol reynist afar vel. Interpol-erindi sem afgreidd voru í deildinni voru 598 árið 2008. Áfram var haldið að dreifa aðgangi að gagnabanka Interpol til lögreglumanna sem þörf hafa á. Unnið var við að tengja skilríkjabanka Interpol við skilríkjaskanna á Keflavíkurflugvelli. Tilraunir hafa þegar farið fram með uppflettingar sem hafa skilað árangri. Fyrirséð er að fullnaðartenging mun verða tilbúin fljótlega sem væntanlega verður til mikilla bóta við landamæravörslu. Allsherjarþing Interpol var haldið í St. Pétursborg í Rússlandi með þátttöku Íslendinga.

Alþjóðadeildin er tengiliður lögreglunnar við Europol (löggæslustofnun Evrópusambandsins) en einnig er starfandi fulltrúi frá Íslandi við Europol í Haag. Europol-mál afgreidd í deildinni voru 377 og hafði þeim fjölgað nokkuð frá fyrra ári.

PTN-samstarfið (samstarf lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndum) gengur vel og á árinu var komið á fót sambandsskrifstofu PTN í Kína. Þar starfa tveir fulltrúar frá Danmörku og Finnlandi sem eru mjög virkir í því að athuga flugfarþega sem fara um borð í flugvélar til Norðurlanda. Fyrirhugað er að koma upp PTN-skrifstofu í Kólombíu og var farin kynnisferð þangað síðari hluta árs til að kynna sér aðstæður.

Sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum með stækkun Schengen-samstarfsins og fjölgun útlendinga kallar á aukið lögreglusamstarf og samhæfingu íslenskrar lögreglu á þeim vettvangi. Ríkisborgarar ríkjanna sem eru aðilar að samstarfinu hafa frelsi til að ferðast á milli ríkjanna, leita sér að vinnu og setjast að. Ferðafrelsi innan Schengen-svæðisins er óhindrað og innri landamæri hafa verið lögð niður. Af þessu leiðir að allir Schengen-borgarar geta ferðast hvert sem er á Schengen-svæðinu án þess að eiga von á að sæta eftirliti sem er raunar óheimilt nema við sérstakar, tilgreindar aðstæður. Liechtenstein og Sviss eru nýjustu ríkin í þessu samstarfi. Til að tryggja að allar þær upplýsingar, sem settar eru inn í

gagnabanka Schengen séu réttar og í samræmi við reglur, hefur hvert aðildarlandanna svokallaða SIRENE skrifstofu. Starfsmenn hennar fara yfir og leggja mat á allar þær upplýsingar, er leggjast eiga inn í bankann. SIRENE-mál, samkvæmt 95. gr., sem afgreidd voru árið 2008 voru 13.737, sem er talsverð aukning frá árinu áður. Með fjölgun skráninga skv. 95. gr. (eftirlýstir til handtöku og framsals) fjölgaði málum þar sem eftirlýstir menn, skráðir í Schengen upplýsingakerfið (SIS), fundust hér á landi.

Brottvísanir eru eins og fyrri ár umtalsverður hluti af starfi alþjóðadeildar og oft og tíðum er tímafrekt að flytja brotamenn og hælisleitendur úr landi. Alþjóðadeildin sér jafnframt um eftirlit með áhöfnum og farþegum skipa sem hér hafa viðdvöl. Engar sérstakar breytingar urðu á þeirri starfsemi og er umferð svipuð og undanfarin ár. Fundasókn í Schengen-nefndum var með venjubundnum hætti þar til á síðari hluta árs að fundasókn lagðist að mestu af vegna fjárhagsaðstæðna og færðist á hendur starfsmanna sendiráðs Íslands í Brussel.

Fíkniefnasíminn er í alþjóðadeildinni. Í hann getur hver sem er hringt með nafnlausar ábendingar um fíkniefni. Alls voru 105 ábendingar afgreiddar af deildinni. Afgreitt var 161 kennispjald á árinu þar sem veittar eru upplýsingar um Íslendinga sem sækja um ökuskríteini erlendis. Eitt af nýjum verkefnum á árinu var að fara yfir umsóknir um ríkisborgararétt og gefa umsögn. Slík mál voru 446 á árinu. Einn starfsmaður deildarinnar sótti námstefnu á vegum frönsku Evrópusambandsformennskunnar til Parísar.

Kynningar fyrir erlenda samstarfsaðila

Áframhald varð á náms- og kynnisferðum starfsmanna á erlendum SIRENE-skrifstofum til að kynna sér rekstur og starfsemi alþjóðadeildarinnar. Á miðju sumri komu sjö starfsmenn frá SIRENE-skrifstofunni í Vilnís og dvöldu þeir hér í viku og kynntu sér starfsemina. Á sama tíma var hér í starfskynningu yfirmaður væntanlegrar SIRENE-skrifstofu í Liechtenstein og kynnti hann sér starfsemina og sérstaklega tölvukerfi SIRENE og vinnufyrirkomulag Schengen-mála. Lýsti hann því í lok heimsóknar að hann hygðist setja upp sama kerfi og hér er í notkun.

Vegna fjölgunar á framsalsmálum má nefna að hingað koma nú mun fleiri erlendir lögreglumenn í þeim erindum að sækja brotamenn. Þetta hefur kallað á aukna aðstoð við þá í kringum afhendingu á brotamönnum.

Athyglisverð mál

Ástæða er til að nefna athyglivert mál sem upp kom á árinu þótt mikið hafi verið um það fjallað á öðrum vettvangi. Málið sýnir hversu mikilvægt er að menn haldi vöku sinni á öllum vígstöðvum og að smávægilegar upplýsingar geta varpað nýju ljósi á mál. Hér er átt við innflutning á fíkniefnum í húsbíl aldraðs manns með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar.

Upphaf málsins má rekja til þess að tollgæslan hafði samband við alþjóðadeild og spurðist fyrir um manninn sem var skráður á farþegalista Norrænu. Við skoðun í gagnabönkum kom í ljós að hann var eftirlýstur í gagnabanka Interpol með „Red Notice“, þ.e. eftirlýstur til handtöku og framsals, auk þess sem í ljós kom í gagnabanka alþjóðadeildar að lögreglan á Austurlandi hafði spurst fyrir um manninn árið áður vegna umferðaróhapps í umdæminu. Þetta leiddi til þess að viðbúnaður var til staðar þegar ferjan lagðist að bryggju á Seyðisfirði. Í framhaldi fannst mesta magn fíkniefna sem um getur hér á landi.



Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) hefur verið starfandi í átta ár, með aðsetur í Reykjavík, að Skógarhlíð 14. Starfsemin hefur mótast í gegnum árin og er nú svo komið að öllum lögregluembættum er sinnt um Tetra-fjarskiptakerfið, sem gerir það að verkum að verkefnum og þjónustubeiðnum er komið til lögreglumanna með fjarskiptum og störf almennrar lögreglu samræmd. Tetra er stafrænt fjarskiptakerfi sem tekið var í notkun 1. júní árið 2000. Árið 2008 var allt landið orðið eitt fjarskiptakerfi.

Nítján starfsmenn eru á FMR, þar af sextán á vöktum. Starfsmannaveltan hefur verið í lágmarki, sem gerir faglaga þáttinn betri en ella. Eitt af verkefnum starfsmanna er að vera sársveitinni til aðstoðar í samtals- og samningamálum og voru verkefnin á árinu fjögur. Alls barst FMR 127.761 símtal um Neyðarlínuna (112), sem er fjölgun frá árinu áður um 19.558 og þá eru ótalin ýmis þjónustusímtöl við lögregluembættin. Samstarf við Neyðarlínuna jókst á árinu vegna boðunar viðbragðsaðila og endurskoðunar á gagnagrunni símaviðmótsins og fleira.



Samstarf jókst einnig á milli deilda hjá embætti ríkislögreglustjóra og má í því sambandi nefna Samhæfingarstöðina (SST), sem var virkjuð alloft í tengslum við óveður sem gengu yfir landið á síðari hluta ársins. Einnig jókst samvinna á milli FMR og annarra viðbragðsaðila, svo sem Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Samskipti við lögregluembættin voru mikil, bæði með heimsóknnum og símafundum. Samhæfa þurfti aðgerðir í tengslum við stórar uppákomur. Má í því sambandi nefna Menningarnótt í Reykjavík, Ljósanótt í Reykjanesbæ og stórar ferðahelgar um sumarið. Með samhæfingu er átt við notkunarmöguleika í Tetra-kerfinu, að svæðisskipta landinu, til að samskipti viðbragðsaðila séu eins og best

verður á kosið. Reynsla undanfarinna ára hefur sannað gildi sitt hvað þetta varðar. Með nútímatækni geta margir viðbragðsaðilar talað saman í ákveðnum verkefnum, sem var óhugsandi fyrir nokkrum árum.

Starfsmenn FMR hafa komið að kennslu í Lögregluskóla ríkisins, bæði í samtals- og samningatækni og kynnt nemum Tetra-kerfið í notkun. Árlega er nokkuð um heimsóknir til FMR, aðallega koma erlendir lögreglumenn og gestir samstarfsaðila lögreglu, s.s. frá Landhelgisgæslu og Neyðarlínunni.

Greiningardeild

Greiningardeild ríkislögreglustjóra rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. Starfssvæði deildarinnar er landið allt. Hlutverk hennar, samkvæmt reglugerð nr. 404 frá 8. maí 2007, er að annast verkefni á sviði öryggismála sem meðal annars felast í rannsóknum, vinnslu á aðgerðamiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra annast einnig alþjóðlegt samstarf við borgaralegar öryggisstofnanir annarra landa. Deildin veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi. Deildin tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunnar í landinu og aflar upplýsinga í málum sem tengjast öryggi ríkisins. Þá er deildinni ætlað að veita lögregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu og taka þátt í neyðaráætlanagerð almannavarna. Greiningardeild tekur einnig þátt í aðgerðastjórn ríkislögreglustjóra vegna sérstakra verkefna.

Greiningardeild hefur fasta tengiliði hjá öllum lögregluembættum landsins sem og Landhelgisgæslu Íslands og Tollstjóranum í Reykjavík, í því skyni að tryggja boðskipti og upplýsingamiðlun.

Á árinu 2008 vann greiningardeild ítarlega skýrslu um mat á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. Opinber útgáfa skýrslunnar var birt sumarið 2008. Greiningardeild vann einnig í samvinnu við norræn lögreglulið á sviði skipulagðrar glæpastarfsemi (NOCTA). Þá lagði deildin fram ítarlega skýrslu um skipulagða glæpastarfsemi á Íslandi (OCTA) á vettvangi Evrópulögreglunnar, Europol.



Samstarf við erlend lögreglulið, einkum á Norðurlöndum, var fyrirferðarmikið í starfsemi greiningardeildar árið 2008. Búist er við að slíkt samstarf muni enn vaxa á komandi árum.

Greiningardeild vann fjölmargar áhættugreiningar, matsskýrslur og greinargerðir á árinu auk annarra tilfallandi verkefna á sviði öryggismála. Þá sátu starfsmenn greiningardeildar námskeið á vegum Evrópulögreglunnar í aðgerðamiðaðri gagnagreiningu (e. „Operational Intelligence Analysis“) sem fram fór í Lögregluskóla ríkisins í septembermánuði 2008.

Sérsvait

Heildarfjöldi allra verkefna hjá sérsvaitinni var 4.364. Almenn verkefni voru 4.168 og sérsvaitarverkefni voru 196, þar af 48 vopnuð. Öryggisgæsluverkefni voru 24 og ýmsar deildir lögreglu voru aðstoðaðar í 79 tilfellum vegna sérstakra verkefna. Sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar sinntu 11 verkefnum og kafarar sérsvaitarinnar sinntu fjórum verkefnum vegna leitar að sönnunargögnum í sakamálum. Í maí sinnti fjöldi sérsvaitarmanna lögreglustörfum á jarðskjálftasvæðunum á Suðurlandi. Í september fór fram nýliðanámskeið sérsvaitarinnar og luku sjö lögreglumenn námskeiðinu. Í október, nóvember og desember sinnti sérsvaitin öryggisgæslu vegna æðstu stjórnar ríkisins og lagði til mannskap og búnað vegna lögregluaðgerða í tengslum við mótmæli í miðborg Reykjavíkur.

Þá sinnti sérsvaitin þjálfun og fræðslu í fjölmörgum tilfellum:

- Í grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins um lögregluaðgerðir, mannfjöldastjórnun, tárugas, sprengiefni, hættuleg og falin vopn og skotvopnaþjálfun.
- Þjálfun fyrir tollverði í handtökuaðferðum.
- Hjá Siglingastofnun um siglingavernd.
- Skotvopnaþjálfun og fræðslu fyrir þá sem starfa erlendis á vegum Íslensku friðargæslunnar.
- Skotvopnaþjálfun fyrir lögreglulið á Norðurlandi.
- Námskeið fyrir áhafnir flugvéla Iceland Express um öryggi um borð í loftförum.
- Fræðsla fyrir bílstjóra ráðherra.
- Námskeið fyrir áhafnir skipa Landhelgisgæslunnar.

Öryggismál

Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd vegna 15 opinberra heimsókna og einkaheimsókna erlendra fyrirmenna. Umfangsmestar voru heimsóknir forseta Úganda, forseta Palestínu, dönsku krónprínshjónanna og utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Sérsveit ríkislögreglustjóra annaðist lífvarðagæslu utanríkisráðherra Íslands þegar ráðherrann fór í embættiserindum til Afganistan ásamt starfsfólki utanríkisráðuneytisins.

Tafla 4. Fjöldi heimsókna erlendra fyrirmenna til Íslands 2008

Mánuður	Nafn og titil/efni	Fylgdarmenn
Febrúar	Utanríkisráðherra Eistlands	4
Mars	Utanríkisráðherra Færeyja	3
	Forseti Alþjóðabankans	5
Apríl	Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna	2
	Forsætisráðherra Finnlands	8
	Forseti Palestínu	33
Maí	Dönsku krónprínshjónin	7
	Utanríkisráðherra Bandaríkjanna	61
Júní	Sendiherra Ísraels	1
Ágúst	Utanríkisráðherra Sri Lanka	5
	Krónprinsessa Hollands	4
September	Utanríkisráðherra Spánar	5
	Forseti Úganda	38
Nóvember	Sendiherra Ísraels	1
	Skotlandsmálaráðherra Bretlands	3

Norræn hryðjuverkaæfing

Í nóvember fór fram samnorræn hryðjuverkaæfing ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum. Er þetta þriðja æfingin af þessu tagi og var hún að þessu sinni undir stjórn Íslands og fékk heitið Ásgarður 2008. Fyrsta „skrifborðsæfingin“, Miðgarður, var haldin árið 2004 og önnur æfingin, Gimli, var haldin árið 2006.

Tilgangur samnorrænna æfinga er að styrkja samvinnu landanna í tengslum við hryðjuverkatilfelli á Norðurlöndunum, þannig að viðbrögð og samvinna aðgerðastjórna landanna sé samhæfð. Undirbúningurinn að æfingunni var unnin af vinnuhópi sem samanstóð af 15-20 fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum. Æfingin var samin og sett saman á sex fundum vinnuhópsins en þeir voru haldnir í þátttökulöndunum.





Stjórnsýslusvið

Afbrotatölfræði

Stjórnsýslusvið sér um að birta tölur um afbrot fyrir allt landið en gögn eru unnin úr málaskrá lögreglunnar. Þá birtust stuttar mánaðarskýrslur um þróun afbrota á vef lögreglunnar í hverjum mánuði. Skýrslurnar eru hugsaðar sem frekari upplýsingar til almennings um þróun afbrota. Meðal annarra stærri verkefna má nefna samantekt um sérstakt umferðareftirlit lögreglu og greinargerðir um stafrænar hraðamyndavélar. Á ári hverju svarar stjórnsýslusvið fyrirspurnum um tölfræði frá ýmsum aðilum, t.d. frá Alþingi, ráðuneytum, fjölmiðlum og nemendum. Einnig koma árlega fyrirspurnir er snúa að þróun afbrota og afbrotatölfræði frá alþjóðlegum stofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum, Eurostat, Interpol og Europol.

Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglunnar

Í löggæsluáætlun 2007-2011 er kveðið á um að lögreglan meti störf sín og árangur í ljósi kannana á öryggistilfinningu borgaranna, viðhorfi þeirra til lögreglunnar og reynslu almennings af afbrotum. Ríkislögreglustjóra var falið að hafa umsjón með framkvæmd þessara kannanna og var sú fyrsta gerð sumarið 2008. Stjórnsýslusvið ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stóðu sameiginlega að þessari könnun, bæði hvað varðar þróun og kostnað og kom skýrsla með niðurstöðum út í október 2008.

Helstu niðurstöður voru að um 88% svarenda telja að lögreglan vinni nokkuð eða mjög gott starf. Um 74% svarenda sem tilkynnt höfðu afbrot voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu lögreglunnar. Um 32% svarenda sáu lögreglumann eða lögreglubíl í byggðarlagi sínu oft eða nær daglega. Það voru um 32% sem töldu sig örugga í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar árið 2007 og er það rúmum 4% færri en árið 2004 þegar alþjóðleg þolendakönnun var gerð hér á landi.

Starfsmannamál

Í kjölfar úttektar á starfsmannastefnu lögreglunnar árið 2007 var ákveðið að þróa samræmda útfærslu á starfsmannasamtölum og frammistöðumati fyrir öll lögreglulið á Íslandi. Innleiðing starfsmannasamtala hófst í janúar 2008 með námskeiðum fyrir stjórnendur lögregluembætta. Fulltrúar frá embætti ríkislögreglustjóra heimsóttu einnig lögregluembættin og kynntu hið nýja fyrirkomulag.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar

Í september gaf ríkislögreglustjóri út jafnréttis- og framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna og skipaði henni sérstaka jafnréttisnefnd. Með þeirri skipan er tekinn

upp nýr háttur í jafnréttismálum innan lögreglunnar þar sem ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála en lögreglustjórar bera ábyrgð á framgangi jafnréttisáætlunar, hver hjá sínu embætti.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlunin tekur gildi 1. febrúar 2009. Jafnréttisfulltrúi á vegum ríkislögreglustjóra hefur umsjón með jafnréttismálum hjá öllum lögregluembættum og er ætlað að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála og hvernig þeim er háttað innan lögreglunnar.

Jafnréttisnefnd er jafnréttisfulltrúa til aðstoðar og ráðgjafar. Nefndinni er einnig ætlað það hlutverk að gera tillögur að jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna, móta verklagsreglur í jafnréttismálum og annast útgáfu upplýsinga- og leiðbeiningarefnis. Þá mun nefndin starfrækja sérstakt jafnréttis- og áreitnisteymi sem verður lögregluembættunum og aðilum máls til ráðgjafar og aðstoðar.

Innan hvers embættis hefur lögreglustjóri tilnefnt jafnréttisfulltrúa sem er ætlað að vinna að jafnréttismálum innan embættisins og vera starfsmönnum, jafnréttisfulltrúa lögreglunnar og jafnréttisnefnd til aðstoðar og ráðgjafar.

Könnun ríkislögreglustjóra á streitu og líðan lögreglumanna

Ríkislögreglustjóri birti á árinu niðurstöður könnunar á streitu og líðan lögreglumanna. Markmið könnunarinnar var að ná fram eins konar grunnmati á verkefnatengdri (operational, PSQ-Op) og stjórnsýslulegri (organizational, PSQ-Org) streitu hjá lögreglumönnum. Að auki var ákveðið að meta kvíða- og depurðareinkenni hjá lögreglumönnum en einnig lífsánægju.

Könnunin er sú fyrsta sem gerð hefur verið í þessari mynd en hún byggist á kanadískri rannsókn þar sem í fyrsta sinn var hannaður spurningalisti til að meta bæði verkefnatengda og stjórnsýslulega þætti. Með verkefnatengdum þáttum er átt við vaktavinnu, kröfu um yfirvinnu, neikvæðar athugasemdir frá almenningi og það að eignast vini utan lögreglunnar, svo dæmi séu tekin. Með stjórnsýslulegum þáttum er til dæmis átt við það að eiga samskipti við starfsfélaga, skort á starfsfólki, of mikla tölvuvinnu og ósamkvæman stjórnunarstíl.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að meðaltal fyrir stjórnsýslulega og verkefnatengda streitu er lítillega lægra en hjá viðmiðunarhópi sem samanstóð af 197 kanadískum lögreglumönnum. Þegar munur milli þátttakenda af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er skoðaður kemur fram að þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu voru stressaðri og þeir höfðu fleiri einkenni depurðar og kvíða en þátttakendur á landsbyggðinni, sem hafa það umfram félaga sína á höfuðborgarsvæðinu að vera örlítið hamingjusamari.

Félagastuðningur

Auk ríkislögreglustjóra luku 13 embætti við fyrsta skref innleiðingar félagastuðnings á árinu 2008. Stefnt er að því að þau tvö embætti sem ekki hafa lokið við innleiðingu félagastuðnings ljúki því á fyrri hluta árs 2009.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur, fyrir hönd sálfræðistofunnar Líf og sál, skrifuðu undir samning um sálfræðipjónustu fyrir lögreglumenn vegna áfalla og álags í starfi. Samningurinn tryggir að félagastuðningskerfi lögreglunnar hefur það bakland sem þörf er á þegar upp koma aðstæður þar sem lögreglumenn verða fyrir áfalli í starfi eða þeir ráða ekki lengur við aðstæður vegna uppsafnaðs álags.



Forvarnir, rannsóknir og samstarf

Fulltrúar ríkislögreglustjóra taka þátt í margs konar forvarnasamstarfi. Má þar nefna Saman-hópin, heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum (HOFF) og Göngum í skólann. Septembermánuður var að þessu sinni tileinkaður verkefninu Göngum í skólann og hófst það formlega með nemendum í Grundaskóla á Akranesi að viðstöddum lögreglustjóranum á Akranesi, forseta ÍSÍ, formanni Umferðarráðs, kennurum skólans og fleirum.

Fulltrúi embættisins sat í Saman-hópnum líkt og undanfarin ár en markmið hópsins er m.a. að auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum og styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Meðal verkefna á árinu 2008 var myndasamkeppni Saman-hópsins, „Fjölskyldan í fókus“. Markmiðið með keppninni var að hvetja fjölskyldur til samveru og skapa sér góðar minningar saman. Vefsíða Saman-hópsins var uppfærð til betri vegar til að upplýsingar um hópinn og verkefni hans væru aðgengilegar. Þá voru, líkt og fyrri ár, sendir út bæklingar til ungmenna og foreldra, auglýsingar birtar og greinar skrifaðar fyrir hönd hópsins.

Í löggæsluáætlun er lögreglunni ætlað visst hlutverk í forvarnastarfi sem leiða á til fækkunar afbrota. Í ársáætlun ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008 er kveðið á um að stjórnarsýsluvið geri úttekt á forvarnastarfi lögregluembættanna fyrir árslok 2008. Úttektinni er ætlað að afla mikilvægra upplýsinga um stöðu forvarnamála hjá lögregluembættunum.

Handbók um verkefnamiðaða löggæslu – 2. útgáfa

Í lok árs 2006 kom út fyrsta útgáfan af handbókinni Verkefnamiðuð löggæsla. Er handbókinni m.a. ætlað að tryggja að hugmyndafræði og aðferðafræði verkefnamiðaðrar löggæslu (VML), eða Problem Oriented Policing (POP), verði innleidd á landsvísi sem hluti af úrræðum lögreglunnar. Ákveðið var að ráðast í endurskoðun á handbókinni árið 2008 og var lokið við aðra útgáfu á haustmánuðum. Vonast er til að handbókin sé nú aðgengilegri en sú fyrri og betur til þess fallin að leiða lögreglumenn og samstarfsaðila í gegnum VML-ferlið. Helstu breytingarnar eru þær að búið er að stytta og einfalda helstu kaflana. Bætt hefur verið við stuttum köflum um afbrotavarnir, um mikilvægi upplýsinga við stjórnun lögreglunnar og um mælikvarða og notkun þeirra. Einnig er búið að breyta dæmum í lok handbókarinnar. Finna má dæmi sem nemar við Lögregluskólann unnu þegar þeir voru í starfsþjálfun og á þriðju önn við Lögregluskólann.

Samstarf við sveitarfélög

Ríkislögreglustjóri hefur unnið að tillögum um hvernig efla megi samskipti, bæta innra eftirlit og ábyrgðarhlutverk hópa og nefnda í samræmi við ákvæði í viljayfirlýsingu sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkislögreglustjóri skrifuðu undir þann 30. apríl 2004. Tillögur voru lagðar fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu. Ákveðið var að framkvæmdastjóri SÍS og fulltrúi ríkislögreglustjóra myndu þróa þær tillögur sem lagðar voru fyrir stjórn og ganga frá endurnýjaðri viljayfirlýsingu á árinu 2009.

Samstarf við Lögregluskólann

Samstarf ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins er náð og snýr að mörgum ólíkum sviðum lögreglustarfsins. Á síðasta ári var samstarfið þó nokkuð umfangsmikið þrátt fyrir þrengingar í efnahagslífinu en sökum þess áttu þó nokkur lögregluembætti erfitt með að senda lögreglumenn á ýmis námskeið hjá framhaldsdeildinni. Meðal þess sem hæst bar á síðasta ári var viðamikili verkefni um forgangsakstur. Ríkislögreglustjóri skipaði starfshóp undir forystu skólastjóra Lögregluskólans og var honum falið að skilgreina markhóp lögreglunnar sem þarf á forgangsakstursþjálfun að halda. Fjórir sérfræðingar og kennarar við Lögregluskólann í Noregi komu til landsins til að halda námskeið fyrir verðandi þjálfara hér á landi í forgangsakstri. Gert er ráð fyrir að þjálfarar að minnsta kosti 350 lögreglumenn og koma þjálfuninni inn í grunnnám skólans.

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins sem fulltrúi ríkislögreglustjóra á sæti í útbjó handbók um þær reglur sem gilda við val nefndarinnar á lögreglunum. Nýjung sem nefndin tók upp á síðasta ári var sálfræðimat við val á lögreglunum, en fyrir nemanna er lagt mat á persónuleika, rökhugsun, ályktunarhæfni og athygli með viðurkenndum sálfræðiprófum. Sálfræðingur embættis ríkislögreglustjóra hafði umsjón með sálfræðiprófunum fyrir hönd valnefndarinnar.

Ríkislögreglustjóri og Lögregluskólinn, í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, tóku höndum saman við að innleiða starfsmannasamtöl fyrir alla starfsmenn lögreglunnar. Haldin voru fjögur námskeið fyrir stjórnendur í húsnæði Lögregluskólans og eitt námskeið var haldið á Akureyri fyrir embættin á Norðurlandi.

Ýmsir starfsmenn ríkislögreglustjóra kenna við grunn- og framhaldsdeild skólans auk þess sem skólinn sér um kennslu á tækjum sem ríkislögreglustjóri hefur innleitt í starfsemi lögreglunnar. Má sérstaklega nefna Indico-upptökubúnaðinn (yfirheyrslubúnaður í hljóð og mynd) og Evidenzer-öndunarsýnatækið (mælir alkóhólþéttni í útöndunarlofti) í því sambandi. Þá er þess að geta að á fyrstu önn grunnnáms fá nemendur fyrirlestraröð um streitu- og tilfinningastjórnun sem sálfræðingur embættisins stýrir. Markmiðið með fyrirlestraröðinni er að búa lögreglunema undir að takast á við erfiðar tilfinningar og hugsanir sem þeir geta upplifað í lögreglustarfinu. Starfshópur um málefni framhaldsdeildar var ekki mjög virkur á síðasta ári og fundaði einungis einu sinni. Það má skýra að hluta til með því að færri námskeið voru haldin þar sem lögreglustjórar áttu erfitt með að senda lögreglumenn á námskeið sökum kostnaðar.

Rannsókn á heimilisofbeldi

Sumarið 2008 hófst rannsókn á heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknin byggist á gögnum lögreglunnar og felst í því að farið er yfir skýrslur og bókanir frá árunum 2006 og 2007 og ákveðnar upplýsingar kóðaðar, t.d. tengsl þolanda og geranda, tegund ofbeldis og upplýsingar um áverka. Gagnasöfnun var að ljúka í lok ársins en gert er ráð fyrir að niðurstöður verði birtar á árinu 2009.



Alþjóðasamstarf

Afbrotavarnaráð Norðurlanda hélt sinn árlega fund í Lofoten í Noregi dagana 4.-7. júní 2008. Einn starfsmaður embættisins sótti fundinn en fundinn sóttu um 20 sérfræðingar á sviði afbrotavarna á Norðurlöndunum. Öll ríkin, nema Ísland, eru með einhvers konar afbrotavarnaráð í sínu heimalandi. Á fundunum kynnti hvert ríki helstu verkefni í afbrotavörnum og haldnir voru fyrirlestrar um helstu niðurstöður nokkurra áhugaverðra rannsókna. Á fundinum kom fram mikilvægi þess að þessar fimm nágrannaljóðir séu í góðum tengslum varðandi aðferðir og þróun í afbrotavörnum.

Staða og þróun hatursglæpa á Íslandi og innan aðildarríkja Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)

Ríkislögreglustjóri hefur gefið út í fyrsta sinn áfangaskýrslu um hatursglæpi á Íslandi. Þessi skýrsla var gerð í kjölfar fundar sem tengiliður Íslands sótti í Helsinki í Finnlandi dagana 16.-17. júní 2008. Tilgangur fundarins var að efla samvinnu milli tengiliða aðildarríkja ÖSE um hatursglæpi og Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofunnar (ODIHR). Í áfangaskýrslunni er farið í stuttu máli yfir hvernig þetta samstarf varð til í desember 2003 og þróun þess. Fjallað er um skilgreininguna á hatursglæpum og þau vandamál sem aðildarríki ÖSE standa frammi fyrir varðandi skráningu brota og mat á stöðu hatursglæpa í

aðildarríkjunum. Einnig er fjallað um löggjöf á þessu sviði og hvernig Ísland stendur í samanburði við nágrannaríkin. Hlutverk lögreglunnar í greiningu hatusrglæpa er skoðað, auk þess sem farið er yfir mismunandi birtingarmyndir þessara brota. Í lokakafla skýrslunnar er að finna ýmsar tillögur og ábendingar um frampróun þessara mála á Íslandi

ID-nefndin (kennslanefnd), tæknimálefni og lögreglukerfið

Formaður kennslanefndarinnar sótti árlegan norrænan fund sem haldinn var í Marstrand í Svíþjóð. Á fundinum kynntu löndin helstu verkefni á liðnu ári. Eitt mál kom til kasta nefndarinnar á árinu. Þar var um að ræða óþekkt lík af karlmanni sem fannst í íbúð að loknu slökkvistarfi. Kennsl voru borin á manninn.

Tæknimál

Evidenzer er öndunarsýnatæki til mælingar á alkóhólpéttni í útöndunarlofti. Átta lögregluembætti hafa Evidenzer-tæki í notkun en þar af eru tvö á höfuðborgarsvæðinu. Lögregluskóli ríkisins er einnig með tæki sem notað er við kennslu. Á árinu 2008 komu upp 1669 ölvunarakstursmál hjá lögregluembættum sem hafa þessi tæki. Af þeim voru 752 mál afgreidd með Evidenzer-tækinu, þar af áttu 87% karlar og 13% konur hlut að máli.

Vinnuhópur um lögreglukerfið

Á árinu 2008 starfaði verkefnahópur um lögreglukerfið, en í honum sitja fjórir starfsmenn ríkislögreglustjóra, einn frá embætti ríkissaksóknara, einn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og einn frá lögreglunni á Suðurnesjum. Helstu verkefni hópsins er að fara yfir reglur um skráningar í málaskrá lögreglunnar og bregðast við athugasemdum, hafa umsjón með uppfærslum á notendahandbók um skráningar í kerfið og vera til ráðgjafar við þróun og breytingar. Hópurinn fundaði fjórum sinnum á árinu.

Lögregluhundar

Áfram var unnið að uppbyggingu og styrkingu þess skipulags er snýr að notkun hunda til löggæslustarfa. Rolf Von Krogh, einn af helstu hundabjálfurum norsku tollgæslunnar, kom til landsins í maí og tók þátt í grunnnámskeiði fyrir teymi hundabjálfa, sérnámskeiði í leit á fólki og árlegri starfsleyfisúttekt.

Í apríl og maí fór fram þarfagreining á meðal lögreglustjóra þar sem spurt var um notkun hunda til löggæslu á árunum 2007-2008, hvar skuli starfrækja lögregluhunda, til hvaða starfa og hvaða fyrirkomulag og forsendur séu fyrir starfseminni. Verða niðurstöðurnar lagðar til grundvallar umbótaverkefnum á næsta ári.

Í júní 2008 hófst starfsemi Þjálfunarmiðstöðvar fyrir lögregluhunda sem er samvinnuverkefni embættis ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á Eskifirði. Þjálfunarmiðstöð ríkislögreglustjóra er í Neskaupstað þar sem lögreglustjórinn á Eskifirði leggur til alla æskilega aðstöðu til menntunar, þjálfunar og æfinga fyrir hundapjálfa og lögregluhunda. Miðstöðin sinnir þjónustu við hundapjálfa lögreglu og Fangelsismálastofnunar og er í góðu samstarfi við tollgæslu á sviði fíkniefnaleitarhunda.

Þessi breyting veitir yfirþjálfara meira vægi og svigrúm en áður til að sinna og fylgjast með teyrum lögregluhunda og viðhalda þeim gæðakröfum sem settar hafa verið. Jafnframt sinnir yfirþjálfari útköllum og fyrirfram ákveðnum verkefnum tengdum fíkniefnaleitum í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði og í nærliggjandi umdæmum.



Fíkniefnalöggæsla

Unnið var að ýmiss konar samstarfs- og umbótaverkefnum tengdum fíkniefnalöggæslu á árinu. Í apríl tóku gildi reglur ríkislögreglustjóra um haldlagningu, skráningu, meðferð og eyðingu fíkniefna og annarra efna sem lagt hefur verið hald á, en um er að ræða endurritun reglna frá 1999. Helstu breytingar eru þær að við haldlagningu skulu öll efni færð í sérmerktar umbúðir, eða umbúðir sem innsiglaðar eru með sérmerktum límmiða, og forskráð með sérstakri skýrslu í lögreglukerfið.

Auk reglubundinnar aðstoðar vegna siglinga Norrænu veitti ríkislögreglustjóri lögregluembættunum aðstoð í 13 tilvikum til að efla fíkniefnalöggæslu, t.a.m. vegna bæjarhátíða. Því til viðbótar stóð ríkislögreglustjóri fyrir umfangsmiklu eftirliti með sölu, meðferð og neyslu ólöglegra fíkniefna um verslunarmannahelgina, í samvinnu við lögregluembætti landsins og tollgæslu.

Efnahagsbrotadeild og peningaþvættisskrifstofa

Í byrjun árs 2007 voru gerðar skipulags- og stjórnunarbreytingar hjá efnahagsbrotadeild. Helmingur þeirra starfsmanna sem nú eru í deildinni hóf störf á þessum tíma. Nokkurn tíma tók að manna lausar stöður, enda er leitast við að vanda val starfsmanna til þeirra sérhæfðu og oft flóknu starfa sem deildin sinnir. Nokkur stöðugildi voru ómönnuð af þessari ástæðu um lengri eða skemmri tíma. Þrátt fyrir þetta hefur komist á stöðugleiki, starfsandi í deildinni er góður og framleiðni hefur aukist.

Til efnahagsbrotadeildar bárust 117 kærur og var 99 málum úthlutað til rannsóknar á árinu. Mörg þessara mála eru þess eðlis að fleiri en einn starfsmaður koma að rannsókninni. Almenn þróun virðist vera í þá átt að mál sem kærð eru til deildarinnar eru mörg hver umfangsmeiri en áður, teygja anga sína til annarra landa og þau varða meiri fjárhagslega hagsmuni. Alls voru 42 ákærur gefnar út í 45 málum og hafa ekki verið fleiri í sögu deildarinnar fyrir utan árið 2004, en þá voru ákærurnar 46 talsins.

Í ársáætlun ríkislögreglustjóra vegna ársins 2008 eru efnahagsbrotadeild sett þau markmið að ljúka rannsókn og gefa út ákæru í öllum málum, nema þeim allra stærstu, innan tveggja ára frá því að kæra berst og að hefja skuli rannsókn þeirra innan sex mánaða. Við þessa ákvörðun var tekið mið af málshraða á liðnum árum. Í lok árs 2008 lá fyrir að markmiðum þessum hefur að mestu verið náð. Búið er að gefa út ákærur í öllum málum eldri en tveggja ára nema einu sem er enn til rannsóknar. Þá eru tvö umfangsmikil og eldri skattsvikamál nú til meðferðar hjá dómstólum. Flestum þeirra mála sem ákært var í á árinu 2008 lauk talsvert innan árs frá því að kæra barst.

Málum er forgangsraðað og hafa allar kærur í umfangsmiklum sakamálum verið settar í rannsókn án tafar. Staða mála í efnahagsbrotadeild er betri en hún hefur nokkru sinni verið. Afköst deildarinnar hafa aukist og það markmið sem deildin setti sér um að styttja þann tíma sem líður frá því að kæra berst þar til rannsókn hefst hefur gengið eftir.

Leiðbeiningar og reglur

Ríkislögreglustjóri gaf út átta verklagsreglur árið 2008 og komu ýmsir starfshópar að gerð þeirra.

Tafla 5. Útgefnar reglur ríkislögreglustjóra árið 2008

Nr. reglna	Heiti
1/2008F	Reglur um haldlagningu, skráningu, meðferð og eyðingu fíkniefna og annarra haldlagðra efna.
2/2008U	Verklagsreglur fyrir akstursíþróttir og aksturskeppnir.
3/2008R	Reglur um skráningu peningaþvættisskrifstofu á upplýsingum í landskerfi lögreglu og aðgang að þeim.
4/2008U	Reglur um öndunarsýni.
5/2008Ú	Reglur um tilhögun og framkvæmd farbanns.
6/2008S	Jafnréttismál lögreglunnar, stefna og framkvæmdaáætlun.
7/2008U	Reglur um meðferð mála – sjálfvirkar löggæslumyndavélar (hraðamyndavélar).
8/2008S	Leiðbeiningar vegna setningar eða skipunar í embætti lögreglufulltrúa, aðalvarðstjóra, rannsóknarlögreglumanns, varðstjóra og lögreglumanns.



Lögregluembættin

Stefnumótun og markmið

Með lögum nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989 var skipulagi lögreglunnar breytt og þar með áherslum og stefnumótun innan hennar. Eins og fram hefur komið fólst meginbreytingin í því að embættum var fækkað úr 26 í 15, fyrirkomulagi rannsókna mála var breytt, auk þess sem lagt var fyrir lögreglustjóra að stuðla að samræmdu vaktkerfi lögreglumanna innan síns umdæmis og næstu umdæma. Markmiðið með því er að auka löggæslu. Breytingin á lögregluumdæmunum á ekki að leiða til þess að lögreglustöðvum verði lokað.

Með fækkun embætta og stækkun eininga er lögreglunni gert betur kleift að vinna að stefnumótun í málaflokknum. Með árangursstjórnunarsamningi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við ríkislögreglustjóra í mars 2007 var lagður grunnur að skipulagi árangursstjórnunar innan lögreglunnar sem unnið er eftir í dag.

Árangursstjórnunarsamningar ríkislögreglustjóra við lögreglustjóra eru útfærðir í samræmi við það sem tíðkast hefur í íslenskri stjórnsýslu hin síðari ár. Kveðið er sérstaklega á um langtímaáætlun, ársáætlun og ársskýrslu sem lögreglustjórar eiga að skila ríkislögreglustjóra. Öll lögregluembætti eiga að skila ársskýrslu í mars ár hvert fyrir árið á undan. Lögreglustjórar eru hvattir til að birta þessar skýrslur á heimasíðu embættanna á lögregluvefnum.

Starfsemi lögregluembætta

Öll lögregluembættin hafa gert ársskýrslu fyrir árið 2008 í samræmi við leiðarvísi ríkislögreglustjóra. Gerðar hafa verið stuttar samantektir úr ársskýrslum lögregluembættanna. Starfsemi lögreglunnar er viðamikil en með því að nota þessa aðferð tekst að taka saman í eina skýrslu áreiðanlegar upplýsingar um helstu verkefnin.

Lögreglustjórinn á Akranesi

Í umdæmi lögreglustjórans á Akranesi er sveitarfélagið Akraneskaupstaður. Lögreglan á Akranesi hefur leitast við að haga starfsemi embættisins í samræmi við langtímaáætlun embættisins 2008-2011 sem lokið var við í apríl 2008. Þegar lítið er til ársins 2008 kemur í ljós að mörgum markmiðum hefur verið náð en annars staðar hefði verið hægt að gera betur. Frá ársbyrjun 2008 hefur vinna almennu deildar verið á 12 tíma vöktum. Vaktkerfið er hagkvæmara í rekstri en það gamla, skilar aukinni þjónustu og meira öryggi fyrir lögreglumenn þar sem nú eru tveir menn á vakt allan sólarhringinn í stað þess að áður var aðeins einn á vakt hluta nætur. Lögreglan á Akranesi hefur síðustu ár verið rekin með halla. Þeim halla hefur verið mætt með tekjuafgangi af aðalskrifstofu. Sá tekjuafgangur verður brátt uppurinn. Árið 2008 er ekki undantekning þar frá en þrátt fyrir það var hallinn minni en árið áður.

Lögreglan á Akranesi fékk í desember 2007 Evidenzer-öndunarsýnatæki en leitast er við að sem flest ölvunarakstursmál verði afgreidd með því tæki í stað blóðtöku. Fljótlega var um 50% mála lokið með töku öndunarsýna í stað blóðtöku en markmiðið var að 80% ölvunarakstursmála lyki með töku öndunarsýnis í stað blóðtöku. Þessu markmið hefur verið náð.

Ljóst er að mikill árangur hefur náðst á undanförunum árum í mörgum málaflokkum. Má þar helst nefna baráttu lögreglumanna við akstur undir áhrifum fíkniefna, aukið eftirlit með ökuhraða, markvissa vinnu að auknum og bættum samskiptum við almenna borgara og sérstaka áherslu á samvinnu við skólayfirvöld og foreldra grunnskólabarna.

Eitt helsta verkefni lögreglu er að sporna við afbrotum eins og flest markmið sem hér á undan hafa verið nefnd bera með sér. Árangur náðist á sumum sviðum en á öðrum ekki. Lítilleg fækkun innbrota varð á milli ára. Heldur fækkaði eignaspjöllum frá árinu 2007 og má því segja að markmiðið hafi náðst, a.m.k. að hluta til. Tilfellið eru þó enn þá fleiri en á árinu 2005 og raunar árin þar á undan. Markmiðið um að málsmeðferðartími hjá lögreglu sé eins stuttur og kostur er náðist að hluta á árinu 2008 en mikið álag við rannsóknir, bæði á almennri deild og rannsóknardeild, hefur orðið til þess að heldur hefur dregið úr málshraða.

Umfang starfseminnar hefur tekið breytingum síðastliðin ár. Þær breytingar sem harðast hafa komið niður á starfseminni er fækkun lögreglumanna úr 13 í 10 í sparnaðarskyni. Við þessa fækkun hefur reynst erfiðara að halda í við það álag sem skapast hefur í rannsóknardeild embættisins. Rannsóknardeildin hefur haft of mörg mál á sinni könnu miðað við að gert er ráð fyrir að í henni starfi einn

rannsóknarlögreglumaður. Lögreglan á Akranesi hefur fullan hug á að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að haga starfseminni í samræmi við langtímaáætlun og markmiðasetningu embættisins, en ljóst er að aukinn niðurskurður á fjárheimildum til lögreglu mun koma niður á settum markmiðum ef hann verður að veruleika. Afleiðingin yrði líklega skert þjónusta og þar með skert öryggi fyrir hinn almenna borgara.

Lögreglustjórinn á Akureyri

Lögreglustjórinn á Akureyri, sem jafnframt er sýslumaður á Akureyri, fer með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði. Sveitarfélög í umdæminu eru Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Fjallabyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakka-hreppur.

Mjög vel gekk að manna stöður en embættið býr við það að starfsmannavelta er mjög lítil, sem m.a. gerir það að verkum að meiri stöðugleiki er í rekstrinum en ella væri. Lögreglan á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu er í nánú samstarfi við almannavarnanefndir á svæðinu, svo sem Almannavarnanefnd Eyjafjarðar og einnig Almannavarnanefnd Fjallabyggðar. Engin sérstök útköll urðu á árinu og því störfín minni á þeim vettvangi.

Af nýmælum er helst að nefna að sumarið 2008 var gerður samstarfssamningur milli lögreglustjóranna á Norðurlandi um samvinnu og átak í fíkniefnamálum. Aðilar að þessu samkomulagi voru einnig dómsmálaráðuneytið og ríkis-lögreglustjóri. Fíkniefnabrotum fjölgaði úr 77 árið 2007 í 118 árið 2008.

Sett voru fram markmið um að fækka hegningarlagabrotum og auðgunarbrotum um 3% á árinu 2008. Þessum brotum fækkaði milli ára um 9,1%. Þannig fækkaði hegningarlagabrotum úr 858 árið 2007 í 780 árið 2008 og auðgunarbrotum úr 354 í 322. Þannig virðist þetta markmið hafa náðst og betur en reiknað var með. Mikil áhersla var lögð á forvarnamál eins og undanfarin ár og var einn maður í fullu starfi að sinna þeim. Var farið í alla skóla í umdæminu og í nágrannaumdæmin eftir óskum þar um.

Umferðarlagabrotum hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2006 eða úr 3.561 í 1.852 árið 2008. Árið 2005 voru þau 3.020 eða svipað og árið 2007. Líklegt er að hér komi tvennt til, aukið sýnilegt eftirlit og hækkaðar sektir. Umferðarslysum hefur fjölgað lítillega síðustu árin. Þó voru þau þremur færri í ár en árið áður. Ekkert banaslys varð í umferðinni á árinu og skýrist það ef til vill af auknu sýnilegu eftirliti.

Þá er það einnig mat lögreglumanna að dregið hafi úr ökuhraða og kemur þar bæði til hækkandi bensínverð, aukið eftirlit með umferðinni og hærri sektir.

Á árinu komu 485 mál til rannsóknardeildar, sem er heldur færri en árið áður er þau voru 550. Markvisst hefur verið unnið að því undanfarið að almenna deildin ljúki sem flestum minniháttar málum og einungis alvarlegustu og stærstu málin fari til rannsóknardeildarinnar. Væntanlega er það meginskýringin á fækkun mála milli ára. Þá komu 69 mál til rannsóknar frá öðrum embættum, þar af 24 frá embættunum á Norðurlandi samanborið við 68 árið áður og þar af 16 frá embættunum á Norðurlandi. Nokkuð færri kynferðisbrot voru kærð í umdæminu en árin á undan eða 13 samtals. Hins vegar komu til rannsóknar frá öðrum embættum á Norðurlandi 12 kynferðisbrot þannig að samtals komu til rannsóknardeildar 25 kynferðisbrot.

Sáttamál er nýtt úrræði til að ljúka minniháttar málum. Á árinu var fimm málum lokið með sáttameðferð en tveimur árið áður. Vel hefur tekist til með þau mál sem lokið hefur verið með þessum hætti og má búast við að þeim málum fjölgi á næstu árum. Ákærum hefur fjölgað frá árinu 2006 eða úr 258 ákærum það ár í 376 ákærum á þessu ári.

Rekstur lögreglunnar á Akureyri á árinu 2008 var að flestu leyti með venjubundnu sniði og má segja að í heildina tekið hafi hann gengið vel. Fjárveitingar ársins 2008 hrukku ekki til rekstrarins og var því gengið á höfuðstól sem til var í upphafi árs. Ljóst er að fjárveitingar ársins 2009 duga ekki fyrir rekstri með sama hætti og 2008 og er því gert ráð fyrir enn meira aðhaldi í rekstri.

Lögreglustjórinn á Blönduósi

Í umdæmi lögreglustjórans á Blönduósi eru eftirfarandi sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Höfðahreppur og Skagabyggð. Meginverkefni lögreglunnar á Blönduósi eru umferðarmál. Markvisst hefur verið unnið í þessum málaflokki óslitið frá árinu 1987 og hefur markmiðið ávallt verið að stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir alla vegfarendur.

Það hefur víða komið fram að mestur tími lögreglunnar á Blönduósi fer í umferðarmál eða verkefni sem tengjast umferð á einhvern hátt. Árið 2008 var ekki frábrugðið hvað það varðar og áherslan á þennan málaflokk síst minni en verið hefur. Þá var á árinu vinna við forvarnir tekin til endurskipulagningar og er hún nú komin í fastar skorður. Er þeirri vinnu mest beint að yngri borgurunum en þeim eldri er einnig sinnt þótt í minna mæli sé. Samstarf lögregluliða á Norðurlandi var mikið á árinu 2008 enda margt sem þau eiga sameiginlegt. Yfirlögregluþjórnar hittust á 12 fundum þar sem ýmis sameiginlegu mál voru rædd og grunnur lagður að frekara samstarfi í einstökum málaflokkum eða verkefnum.

Fá mál koma upp á Blönduósi sem kalla á flóknar eða tímafrekar rannsóknir. Þrjú mál fóru til rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri. Eitt var vegna bruna í íbúðarhúsi þar sem maður brann inni, annað mál var þegar tveir refaveiðimenn létust í skothúsi á Auðkúluheiði og þriðja málið varðar kynferðisbrot. Starf í fíkniefnamálum var eftt og gerðist það öðrum þræði með samstarfssamningi sem gerður var á milli lögregluliða á Norðurlandi. Í lok ársins komst upp um stórfellda kannabisræktun í umdæminu, eða um 150 plantna rækt.

Umferðarmál eru stór málaflokkur hjá lögreglunni en úr vinnu hefur mikið dregið í þessum málaflokki og skýrist það til dæmis af því að umferðarverkefnið sumarið 2008 var mun minna en sumarið 2007, sektir hafa stórhækkað og fleira kemur til. Það virðist því vera staðreynd að mun færri aka yfir hraðamörkum en áður og kemur það í ljós þegar farið er að greina á hvaða hraða þeir hafa ekið sem teknir eru fyrir of hraðan akstur.

Starfsmenn Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar (IMST) eru nú 12. Vorið 2008 var embættinu falin innheimta endurkrafna vegna bóta sem ríkissjóður hefur greitt til þolenda afbrota og innheimta endurkrafna vegna gjafsóknarmála. Mál voru enn að berast IMST frá lögreglustjórum fyrir árin 2007 og 2008 en flest mál eru komin fyrir árið 2007. Þrátt fyrir hækkun heildarfjárhæðar á milli ára, sem skýrist af hækkun sekta og sakarkostnaðar, þá fækkaði málum milli áronna 2007 og 2008.

Í lok ársins var rekstur lögreglunnar endurskoðaður þegar ljóst var, eftir hrunadans efnahagslífsins, að draga þyrfti saman í rekstri. Rekstur lögreglunnar hefur gengið vel og verið innan fjárveitinga á undanförunum árum. Á árinu 2008 var rekstrarafgangur sem nam kr. 1.347.000 og var það ásættanleg niðurstaða en fram undan er vandasamur rekstur og nauðsynlegt að leita allra leiða til hagræðingar eins og mögulegt er.

Lögreglustjórinn í Borgarnesi

Lögreglustjórinn í Borgarnesi fer með lögreglustjórn í Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppi og Borgarbyggð og í umdæmi sýslumannsins í Búðardal, Dalabyggð. Unnið hefur verið að því að koma á félagastuðningi í samstarfi við verkefnisstjóra og ríkislögreglustjóra. Yfirlögregluþjónn fór á námskeið í félagastuðningi og hefur verið vakandi fyrir því að slíkur stuðningur sé veittur þegar þörf er á. Unnið hefur verið að bættri tómstundaaðstöðu fyrir lögreglumenn á lögreglustöðinni í Borgarnesi og hefur starfsmannafélagið komið þar upp ýmsum tækjum og búnaði í góðri samvinnu við embættið.

Í maí 2008 kom nýr lögreglubíll, 13-114, til embættisins og var þá bifreið 13-118 tekin úr umferð. Í lok nóvember 2008 tók yfirstjórn ákvörðun um að gæta aðhalds í öllum rekstri lögreglunnar og að reynt yrði að spara eins og frekast er unnt á öllum sviðum. Mestu munar um niðurskurð á yfirvinnu lögreglumanna og miklu aðhaldi í akstri lögreglubíla. Á árinu var vinna hafin við að breyta almannavarnaskipulaginu í umdæminu.

Allir starfsmenn hafa alltaf þurft að vinna rannsóknarvinnu, ásamt almennri löggæslu. Sú rannsóknarvinna hefur aðallega falist í rannsókn á brotavettvangi, svo sem ljósmyndun, skráningu og töku fingrafara á vettvangi og síðast en ekki síst í því að taka framburðarskýrslur af sakborningum og vitnum. Árið 2007 voru 124 ákærumál send Héraðsdómi Vesturlands en árið 2008 voru þau 87.

Alls komu upp 90 auðgunarbrotamál. Langalgengast eru brot gegn 244. gr. alm. hgl. (þjófnaður), ýmist í innbrotum eða með því að ökumenn stungu af frá ógreiddri eldsneytisafyllingu. Ekkert auðgunarbrotamál var sent til rannsóknardeildarinnar á Akranesi.

Alls eru 17 mál skráð undir málsliðnum líkamsárásir/manndráp. Mestmegnis eru það brot gegn 1. mgr. 217. gr. alm. hgl. (minniháttar líkamsárás). Einu máli er lokið með dómi í héraði. Eitt mál var fellt niður af embætti ríkissaksóknara. Sex mál eru til afgreiðslu hjá lögfræðideild, í sjö málum var rannsókn hætt. Tvö mál eru enn í rannsókn. Ekki er nein ein skýring á því að umferðarlagabrotum fækkar á milli

áranna 2007 og 2008. Mest er þar um fækkun á hraðakstursbrotum. Ein skýringin er eflaust sú að með tilkomu tveggja hraðamyndavéla í Hvalfjarðarsveit hafi dregið nokkuð úr hraðakstri sunnan Skarðsheiðar. Sé hins vegar litið til ölvunarakstursbrota og aksturs undir áhrifum fíkniefna þá er ljóst að þar er um mikla og stöðuga aukningu að ræða, annars vegar frá árinu 2005 varðandi ölvunarakstur og frá árinu 2006 varðandi fíkniefnaakstur.

Það er óbreytt ástand í rekstrinum hvað rekstrarfé varðar því að ramminn er mjög þröngur og mun frekari niðurskurður koma niður á öryggi og þjónustu við íbúana. Það er ljóst að sértekjur fara mjög lækkandi vegna þess að tollafgreiðslur á Grundartanga hættu í lok ársins 2006 og tollgæslan fluttist til tollstjórans í Reykjavík.

Lögreglustjórinn á Eskifirði

Lögreglustjórinn á Eskifirði fer jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Höfn. Í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði eru eftirfarandi sveitarfélög: Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður.

Markmiðssetning embættisins byggist á langtímaáætlun þess fyrir tímabilið 2008-2011 sem lokið var við að gera í byrjun mars. Undanfarin ár hefur lögreglan á Eskifirði leitast við að setja fram skýr markmið og móta stefnu í málefnum löggæslunnar. Þessi vinna hefur verið í mótun á þann veg að greining viðfangsefna verður sífellt markvissari og aðferðir til að vinna gegn brotastarfsemi hafa verið skilgreindar betur. Á sama tíma hafa verið settir fram mælikvarðar svo að hægt sé að meta hvort markmið hafi náðst. Framkvæmdum við byggingu álvers á Reyðarfirði lauk að mestu á árinu 2007 og erlendum verkamönnum fækkaði um nokkur hundruð. Hefur það haft áhrif á störf lögreglunnar í umdæminu og því var fyrst á þessu ári unnt að meta reynslu af sameiningu lögregluliðanna á Eskifirði og á Höfn frá 1. janúar 2007 og þeirri stefnu sem embættið setti sér.

Þar sem umdæmið er mjög víðfeðmt þótti ekki ávinningur af því að hafa eitt vaktkerfi fyrir lögregluna. Hins vegar var unnið að vaktkerfisbreytingum lögreglunnar í Fjarðabyggð í þeim tilgangi að lögreglan verði betur í stakk búin til að fullnægja því þjónustuhlutverki sem hún hefur gagnvart íbúum umdæmisins. Áhersla var lögð á samstarf milli varðstofa, svo og við lögregluliðin á Egilsstöðum og á Hvolsvelli. Á árinu var tekin í notkun 80 fm viðbygging við lögreglustöðina á Eskifirði, auk þess sem eldri hluta hússins var breytt og húsgögn öll endurnýjuð. Vinnuaðstaða er því eins og best verður á kosið, svo og starfsmannaaðstaða. Þá var hafinn undirbúningur útboðs fyrir framkvæmdir við varðstofu lögreglunnar á

Höfn. Lögreglumenn eru fimmtán, í jafnmörgum stöðugildum og auk þeirra eru héraðslögreglumenn þrettán talsins. Starfsmannavelta hefur verið lítil undanfarin ár.

Búist var við að umferð myndi minnka umtalsvert á milli áranna 2007-2008, þegar samfélagið næði jafnvægi eftir hinar miklu framkvæmdir sem hér hafa verið undanfarin ár. Það varð þó ekki raunin. Þegar litið er til að markmiða lögreglunnar hvað varðar fækkun umferðarslysa og umferðarlagabrota kemur í ljós að talsvert dró úr umferðarlagabrotum, eða um tæp 36%. Fíkniefnabrotum fækkaði á milli ára um rúm 18%. Auðgunarbrotum fækkaði samtals um 64,3%, en þar ber hæst fækkun á innbrotum og þjófnuðum, um ríflega 83%.

Árið 2008 er annað árið sem þessi sérstaka rannsóknardeild starfar við embættið og má segja að starfsemin hafi gengið vel en rannsóknarmarkmið náðist, sem er að málshraði hefur í flestum tilfellum verið innan þeirra marka sem settur er af ríkissaksóknara. Meðaltími mála í rannsókn er varða 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga var 46,5 dagar. Rannsóknartími kynferðismála, þ.e. mála er varða 194. gr., var einnig innan þeirra marka sem ríkissaksóknari setti.

Rekstur hefur almennt gengið afar vel og meðferð fjár er með þeim hætti að ekki hefur verið hætta á framúrkeyrslu og að því er stefnt að eiga borð fyrir báru, ef svo má segja. Sértekjur embættisins drógust verulega saman á milli ára en þar koma til minnkandi umsvif en jafnframt reglugerðarbreyting hvað varðar innheimtu þjónustugjalda vegna tollgæslu.

Lögreglustjórinn á Húsavík

Í umdæmi lögreglustjórans á Húsavík eru eftirfarandi sveitarfélög: Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Í árslok 2008 var aftur fjölgað um einn lögreglumann á austursvæðinu og eru þeir nú aftur orðnir tveir á því svæði. Á árinu var fjárfest í nýjum kylfum fyrir allt lögregluliðið. Þá var einnig lokið við að skipta yfir í nýjan einkennisklæðnað fyrir lögreglumenn embættisins. Í október fékk embættið til afnota nýja fullbúna lögreglubifreið af gerðinni Hyundai SantaFe með embættisnúmerið 25-238. Kemur sú bifreið sem aðalútkallsbifreið í stað 25-207. Í upphafi árs 2008 slasaðist einn af lögreglumönnum embættisins illa í frítímaslysi. Sem betur fer náði hann bata framar vonum og kom aftur til starfa í lok desember 2008.

Ein æfing var haldin á árinu 2008 þar sem verkferlar almannavarnaskipulagsins voru notaðir og æfðir. Þar var um að ræða viðbragðsaðila á austursvæði sem æfðu viðbrögð og verkferla í rútuslysi. Í flokki auðgunarbrotu voru skráð 24 mál. Öll voru þau minniháttar, flest í formi smáþjófnaða og/eða gripdeilda. Kærð líkamsárásarmál voru 14, flest minniháttar, en fjögur þessara mála falla undir gr. 218.1. alm. hgl.

Ákært var vegna 24 afbrota í umdæminu í 17 ákærum á árinu 2008. Er það aukning, hvort sem miðað er við fjölda ákæra, mála eða brota á liðnum árum. Formleg sáttamiðlun var reynd í einu máli en var hafnað af öðrum málsaðilanum. Þá kom lögregla einnig að nokkurs konar sáttamiðlun í öðru máli sem leiddi til ákærumeðferðar í hluta málsins en unnið var að sáttum milli deiluaðila í öðrum hluta málsins. Aðeins þremur málum embættisins var vísað beint til ríkissaksóknara að rannsókn lokinni. Er það í samræmi við það sem búist var við í tengslum við stofnun rannsóknardeildar á Akureyri.

Embættið er rekið sem ein rekstrareining. Hlutfallið milli sýsluskristofu og löggæslu hefur að undanförunni verið nálægt 60%:40%, þar sem löggæsluhlutinn er stærri og er skipting fjárheimilda milli rekstrarþáttanna miðuð við sama hlutfall og útgjöld hvers árs.

Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

Lögregluembættin í Vík og á Hvolsvelli sameinuðust 1. janúar 2007 og fer lögreglustjórinn á Hvolsvelli jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík. Embættið hefur við stefnumótun einkum lagt áherslu á að hafa hæft og gott starfsfólk sem skapað væri gott vinnuumhverfi þannig að það gæti þroskast og notið sín í starfi. Lögð hefur verið áhersla á eflingu samskiptaleiða þannig að starfsmenn séu hverju sinni vel upplýstir og jafnframt að almenningur sé upplýstur um starfsemi embættisins.

Á árinu 2007 voru almannavarnanefndir sameinaðar og starfar nú ein nefnd í umdæminu undir forystu lögreglustjóra. Haldið var námskeið í vettvangsstjórn á Hellu í febrúar/mars 2008 og sóttu það nám 22 einstaklingar innan umdæmisins.

Eftirlit með umferð er eitt stærsta verkefni lögreglunnar á Hvolsvelli og hefur umferðarlagabrotum fjölgað gríðarlega frá árinu 2005 eða úr 1404 brotum í 2162 árið 2008. Töluverð aukning hefur verið á umferð um umdæmið, sem skýrist m.a. af fjölgun ferðamanna. Lögreglan réðst í átak gegn hraðakstri erlendra ferðamanna árið 2007 og má sjá um 10% fækkun á þeim brotum milli árána 2007 og 2008. Það er að nokkru í samræmi við væntingar. Þetta verkefni tengdist frumkvöðla-verkefni í verkefnaðaðri löggæslu á vegum ríkislögreglustjóra.

Auðgunarbrotum fjölgaði örlítið á milli 2007-2008 og má það að hluta skýra með landsmóti hestamanna sem haldið var í umdæminu sumarið 2008. Alls voru 22 fíkniefnabrot skráð hjá embættinu á árinu, sem er töluverð fjölgun frá árinu áður. Langstærsti hluti þessara brota, eða 21, voru vegna vörslu/neyslu fíkniefna. Hjá lögreglunni voru skráð 12 líkamsárásarmál, þar af voru 11 brot gegn 217. gr. alm. hgl. (minni háttar líkamsárás). Þetta er fjölgun um fjögur mál frá 2007.

14 brunar voru rannsakaðir hjá lögreglunni og þar voru m.a. tvö mál þar sem talsvert af skepnum brann inni og tjón var þó nokkuð. Tvö íbúðarhús brunnu til kaldra kola og vaknaði grunur um íkveikju í öðru þeirra og var rannsókn þess máls flutt til rannsóknardeildar lögreglunnar á Selfossi. Umferðarslysum með alvarlegum meiðslum fækkaði og varð einungis eitt slys á árinu 2008. Slysum með minniháttar meiðslum fjölgaði nokkuð á milli ára.

Fangageymslur lögreglunnar á Hvolsvelli hafa lítið sem ekkert verið notaðar síðustu ár en samstarfssamningur er við lögreglustjórnann á Selfossi um afnot af fangageymslum þar og eru nær allir fangar sem vistaðir eru í fangageymslum vistaðir á Selfossi.

Sáttamiðlun hefur verið til staðar hjá embættinu með einum eða öðrum hætti í gegnum tíðina en nú hefur verið tekið upp viðurkennt fyrirkomulag fyrir slík mál. Embættið hefur nýtt sáttamiðlun við úrlausn 3-4 mála á árinu.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og sveitarfélagið Álftanes.

Sjaldan hefur reynt jafnmikið á lögregluna og árið 2008. Þetta á ekki síst við um lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem stóð frammi fyrir mörgum krefjandi verkefnum. Segja má að eldfimt ástand hafi skapast þegar líða tók á árið og þá mátti lögreglan hafa sig alla við. Hrun efnahagslífsins á haustmánuðum hafði víðtæk áhrif og mikið reyndi á stofnanir þjóðfélagsins. Við þessar aðstæður varð öllum ljóst mikilvægi þess að búa yfir öflugu lögregluliði. Á tímabili voru mótmæli nánast daglegt brauð í miðborginni og lögreglumenn voru ekki alltaf öfundsverðir af hlutverki sínu.

Kannski má segja að mótmæli vöruflutningabílstjóra á fyrri hluta ársins hafi verið eins konar fyrirboði um það sem á eftir fylgdi. Til átaka kom á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt í apríl þegar vöruflutningabílstjórar lokuðu fyrir umferð og hunsuðu ítrekuð fyrirmæli lögreglu um að færa bílana úr stað. Mannfjöldastjórnunarhópar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stórnúðu og sáu um aðgerðir á vettvangi. Þeim til aðstoðar voru sérsvaitarmenn frá embætti ríkislögreglustjóra.

Í samræmi við nýjar áherslur og markmið starfaði fíkniefnadeildin með breyttu sniði árið 2008. Kröftum starfsmanna var í auknum mæli beint gegn innflutningi fíkniefna og skipulagðar voru aðgerðir gegn sölu og dreifingu fíkniefna. Afskipti af fólki í fíkniefnaneyslu voru færð meira til almennu deildarinnar. Mörg fíkniefnamál komu sömuleiðis til rannsóknar hjá embættinu. Fíkniefnadeildin hafði því í nógu að snúast árið 2008 en þeir sem reyna að koma eiturlyfjum á markað svífast einskis. Í hálf t ári eða svo stóð yfir rannsókn á umfangsmiklu máli er varðaði innflutning á tæplega 200 kílóum af hassi, auk annarra fíkniefna, en í minna mæli þó. Efnin voru vandlega falin í sérútbúnum húsbíl sem var stöðvaður á Seyðisfirði. Um miðjan október réðst lögreglan til inngöngu í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Innandyrar voru tæki og tól til framleiðslu fíkniefna en þessi verksmiðja var með þeim fullkomnari í Evrópu og þótt víðar væri leitað.

Sérstök rannsóknardeild er starfandi innan umferðardeildar og á borð hennar komu fjölmörg mál. Deildin rannsakar bæði umferðaróhöpp og umferðarlagabrot en tæplega 1.900 mál voru tekin til formlegrar rannsóknar. Þar af voru þrjú banaslys. Á árinu var tækjabúnaður til nákvæmra vettvangsrannsókna eflur til muna. Fyrir bragðið eru hraðaútreikningar við rannsóknir umferðarslysa auðveldari en áður. Árið 2008 voru kærð tæplega 13 þúsund hraðakstursbrot. Margir óku þrátt fyrir að hafa verið sviptir ökuleyfi og voru 520 slík brot skráð. Um 360 brot voru skráð þar sem ökumenn voru teknir án þess að hafa öðlast ökuréttindi. Tæplega 1.100 brot vegna ölvunaraksturs voru skráð og þá voru um 300 brot skráð þar sem ökumenn höfðu verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn. Einnig má nefna að margir voru teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi, eða rúmlega 500 brot.

Í umferðinni hefur orðið mjög jákvæð þróun en embættið setti sér metnaðarfull markmið um fækkun umferðarslysa. Þau eru að ganga eftir eins og bæði tölur lögreglu og tryggingarfélagaga staðfesta. Umferðardeildin lagði mikla áherslu á aukinn sýnileika og það hefur skilaði árangri. Sterkar vísbendingar eru líka um að úr umferðarhraða hafi dregið í umdæminu.

Líkt og undanfarin ár kom ofbeldi við sögu í mörgum málum en fjöldi líkamsárása var kærður til lögreglu. Ofbeldisbrot árið 2008 voru um 770. Tæplega 100 teljast alvarleg (218. gr. alm. hegningarlaga). Um 170 mál komu til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Fjölmennustu brotaflokkarnir voru kynferðisbrot gegn barni, 50 brot, og nauðganir, 35 brot. Brot gegn blygðunarsemi voru líka allmörg, eða 25, og þá rannsakaði kynferðisbrotadeildin 24 barnaklámsmál. Lagt var hald á mikið af gögnum enda málin oft umfangsmikil.

Töluvert var um innbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Á seinni hluta ársins varð ljóst að markmið um fækkun afbrota gengi tæpast eftir. Þjófnaðarbrotum fjölgaði mikið og það gerði útslagið. Þjófarnir beittu ýmsum aðferðum en innbrot á heimili voru þó einkum framin virka daga þegar húsráðendur voru í vinnu eða skóla. Innbrot í verslanir og fyrirtæki voru líka mörg en þjófarnir leituðu einkum þangað sem tölvubúnað var að finna. Framan af ári var talsvert um innbrot á vinnusvæðum verktaka. Rán voru nokkur á árinu og flest framin á almannafæri. Í þremur tilvikum höfðu þolendur tekið út peninga úr hraðbönkum þegar að þeim var veist. Töluvert af sérrefsilagabrotum voru til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Brunar í húsum, bílum og bátum voru þar á meðal en sönnunarstaða í slíkum málum er oft erfið.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt úti öflugum forvarnastarfi árið 2008. Boðið var upp á umferðarfræðslu í leikskólum og grunnskólabörn fengu einnig heimsóknir frá lögreglunni eins og venjan er. Tekin var upp sú nýbreytni að vera með fíkniefnafræðslu fyrir nemendur í framhaldsskólum og var því vel tekið. Lætur nærri að 25 þúsund manns hafi notið fræðslu af ýmsum tagi hjá embættinu en lögreglumenn fjölluðu um það sem skal varast í lífinu. Á haustdögum voru haldnir þrettán fundir með lykilmálum á öllum svæðum í umdæminu. Þetta var þriðja árið í röð sem farið er í slíka fundaherferð og mælist hún alltaf jafnvel fyrir. Mæting á nær alla fundina var mjög góð.

Sáttamiðlun í sakamálum var tilraunaverkefni til tveggja ára, unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, og lauk því í september. Verkefnið gaf góða raun og var sérstakur starfsmaður ráðinn til að halda því áfram. Komið var á sáttum í tæplega 70 málum, flestum á síðasta fjórðungi ársins.

Rekstur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 var mjög erfiður. Áætlun gerði ráð fyrir að tekið yrði á halla fyrra árs og rúmlega 50 m.kr. yrðu afgang. Bráðabirgðauppgjör (spá) sýnir hins vegar aðra niðurstöðu, eða 98 m.kr. halla á rekstrarárinu. Samkvæmt þessu er um 163 m.kr. rekstrarhalli hjá embættinu. Fjárhagsvandann má rekja til hækkana á nær öllum sviðum sem snúa að almennum rekstri.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki

Í umdæmi lögreglustjórans á Sauðárkróki eru eftirfarandi sveitarfélög: sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur. Á árinu 2008 urðu miklar breytingar hjá lögreglunni á Sauðárkróki. Nýr yfirlögregluþjónn var settur þann 1. apríl 2008 þar sem fyrri yfirlögregluþjónn var fjarverandi vegna veikinda. Umtalsverðar breytingar urðu á starfsemi lögreglunnar, sem og lögreglustöðinni. Aðaláherslurnar með þeim breytingum var að ná sátt og skapa góðan starfsanda innan lögreglunnar og einnig að öðlast traust og styrkja stöðu lögreglunnar meðal borgaranna. Er óhætt að segja að hvort tveggja hafi tekist með ágætum og markmiðunum hafi verið náð.

Á sviði almannavarna er það markverðasta á árinu 2008 að ný neyðaráætlun fyrir Alexandersflugvöll öðlaðist gildi. Ekki skapaðist almannavarnaástand í umdæminu. Umfangsmestu mál lögreglunnar á Sauðárkróki á árinu 2008 hafa þó án efa verið heimsóknir tveggja hvítabjarna sem tóku land á Skaga. Tilkynt var um fyrri björninn þann 3. júní við Fosshlíð í Hvammshlíðarfjalli en það er á Þverárfjallsvegi milli Sauðárkróks og Blönduóss. Seinni björninn kom á land á Skagatá við bæinn Hraun II þann 16. júní. Báðir hvítabirnirnir voru skotnir.

Umferðarmál eru hryggisúlan í löggæslu í Skagafirði og eru þau stærsti einstaki málaflokkur lögreglunnar. Umferðarmálum fækkaði hins vegar töluvert á milli áráanna 2007 og 2008. Stóran hluta skýringarinnar má rekja til þess að sérstakur lögreglumaður sinnti eingöngu umferðarlöggæslu á árinu 2007 og sýndi það sig mjög í fjölgun umferðarlagasekta á því ári. Fjöldi handtekinna manna hefur aukist verulega á síðustu tveimur árum og má rekja það helst til aukningar í ölvunar- og fíkniefnaakstursmálum.

Auðgunarbrotum fjölgaði um eitt milli áráanna 2007 og 2008 og voru þau því alls 27 á árinu. Í nær öllum tilfellum var um minniháttar þjófnaðarmál að ræða. Á árinu 2008 var gert samkomulag milli lögregluliðanna á Norðurlandi, ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis um sameiginlegt fíkniefnateymi á Norðurlandi. Teymið hefur starfsstöð á Akureyri en er með Norðurland allt sem starfssvæði. Fíkniefnabrotum fækkaði milli áráanna 2007 og 2008, úr 37 málum í 15. Þrátt fyrir það var lagt hald á meira magn af fíkniefnum á árinu 2008 samanborið við árið 2007. Alls var tilkynnt um 10 bruna á árinu 2008. Flestir voru minniháttar en einn telst þó vera meiriháttar, þ.e. þegar veitingahúsið Kaffi Krókur brann til grunna.

Lögreglan á Sauðárkróki innleiddi sáttamiðlun í opinberum málum á árinu 2008. Tveir varðstjórar embættisins fóru á námskeið í sáttamiðlun og hafa þeir annast umsjón með málaflokknum síðan. Málum sem hlotið hafa ákærumeðferð hjá embættinu hefur fjölgað lítillega milli ára. Málshraði er með ágætum og hefur rannsókn mála hjá embættinu almennt gengið vel.

Lögreglan á Sauðárkróki hefur átt við ákveðinn fjárhagsvanda að glíma undanfarin ár og var eitt af markmiðum ársins að vinna á þeim vanda. Náðist það markmið ekki að fullu, en halli ársins varð kr. 619.000. Til samanburðar var halli ársins 2007 alls kr. 1.708.000.

Lögreglustjórinn á Selfossi

Í umdæmi lögreglustjórans á Selfossi eru eftirfarandi sveitarfélög: sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og sveitarfélagið Ölfus.

Í apríl 2008 var haldinn fyrsti formlegi fundur nefndar um sameiningu almannavarnanefnda í sýslunni í eina. Nefndirnar hafa verið fjórar, almannavarnanefnd Árborgar og nágrennis, Hveragerðis, Ölfuss og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sameiningunni er nú lokið og fram undan er vinna við áhættumat í sýslunni, auk þess sem gera þarf átak í menntun þeirra sem hlutverk hafa í umboði nefndarinnar. Þann 29. maí varð jarðskjálfti sem mældist rúmlega 6 stig á Richter-skala með upptök sín í Ölfusi. Tjón af skjálftanum varð umtalsvert en slys á fólki minniháttar.

Hjá lögreglunni á Selfossi var svipaður verkefnafjöldi skráður í málaskrá lögreglunnar á milli ára en þó eru ívið fleiri verkefni skráð á árinu 2007 en 2008. Rekja má fækkun umferðarlagabrota til þess að meðalhraði á þjóðvegi 1 hefur lækkað sýnilega á árinu 2008 í kjölfarið á breytti reglugerð um sektir í umferðarlagabrotum en með reglugerðarbreytingunni hækkuðu sektirnar verulega.

Hegningarlagabrotum fjölgaði hjá embættinu á árinu 2008 miðað við árin á undan. Sérrefsilagabrot voru áberandi fleiri árið 2008 yfir sumartímann en til dæmis árið 2006. Sérrefsilagabrotum fjölgaði árið 2008 miðað við árið á undan en voru þó ekki fleiri en árið 2006. Veruleg aukning varð á tilkynntum innbrotum síðustu sex mánuði ársins.

Starfsemi rannsóknardeildar var með hefðbundnum hætti á árinu og þann 1. mars kom til starfa í deildinni nýr rannsóknarlögreglumaður. Vonir stóðu til að fjármunir fengjust til að kaupa búnað fyrir upptökur yfirheyrslna í hljóði og mynd, Indico, en það gekk ekki eftir. Mál sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsóknna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsóknir opinberra mála á árinu 2008 voru samtals 109, þar af komu sex mál frá Hvolsvelli og tvö frá Vestmannaeyjum.

Fjöldi mála sem koma til rannsóknar er svipaður frá ári til árs. Alvarlegum líkamsárásurum fjölgaði talsvert á árinu eða úr 13 í 25. Kynferðisbrotum fjölgaði einnig. Þá fjölgaði rannsóknum fíkniefnamála, brennu- og fjármunabrota lítilsháttar. Hins vegar fækkaði slysarannsóknum. Umfangsmesta verkefni

rannsóknardeildar á árinu var manndrápsrannsókn í sumarbústað í landi Oddsholts í Grímsnesi.

Á árinu 2008 voru gefin út 522 ákæruskjöl við embættið en hvert ákæruskjal getur innihaldið ákætur vegna fleiri en eins brots. Árið 2007 voru þau 381 og því er um verulega aukningu að ræða milli ára.

Rekstur lögreglunnar var innan ramma rekstraráætlunar embættisins fyrir árið. Fjárveitingar fjárlaga eru nægjanlegar til að hafa 23 til 24 lögreglumenn í vinnu en rekstrarafgangur ársins 2007, sem er að upplagi fjárveiting að upphæð 31 milljón króna á fjáráukalögum þess árs, gerir lögreglu kleift að hafa í starfi 28 lögreglumenn. Vegna fjáráukalaga ársins 2007 verður til afgangur upp á kr. 38,4 milljónir króna vegna heildarviðfangs. Sá afgangur fer í rekstur lögreglu á árinu 2009.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði

Í umdæmi lögreglustjórans á Seyðisfirði eru eftirfarandi sveitarfélög: Vopnafjarðarhreppur, Fljótssdalshreppur, Fljótssdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.

Áfram var unnið að gerð áætlunar vegna hugsanlegs stíflurofs við Hraunaveitu vegna Jökulsár í Fljótssdal (Kárahnjúkavirkjun). Gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslyss á Seyðisfirði er langt komin og var hún til endurskoðunar hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra á árinu. Viðbragðsáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll hefur verið skilað til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og bíður undirritunar.

Færri einstaklingar voru handteknir á árinu en síðustu tvö ár. Þá voru einnig færri vistaðir í fangageymslu á árinu en síðustu tvö árin þar á undan. Það komu upp 39 auðgunarbrot, af þeim eru tólf enn í rannsókn. Flest þessara mála eru þjófnaðarmál, ýmist vegna þjófnaðar úr verslunum eða af vinnustöðum og vinnusvæðum.

Helst ber að nefna tvö mjög stór mál sem komu upp í tengslum við afgreiðslu Norrænu á Seyðisfirði. Fyrri málið var haldlagning á miklu magni hassefnis og um eins kg af kókaíni sem Hollendingur flutti með sér í húsbíl til landsins. Seinna málið varðaði einnig innflutning á miklu magni hassefnis og rúmlega eins kg af amfetamíni sem Þjóðverji flutti með sér í fólksbífi.

Á árinu 2008 fækkaði verulega hegningarlaga-, sérrefsilaga- og umferðarlagabrotum í umdæminu frá árinu á undan. Mest varð fækkunin í umferðarlagabrotum, sem voru 805 samanborið við 1244 brot árið 2007. Hegningarlagabrotum fækkaði úr 127 í 106 en það er nánast sami fjöldi og var 2006, eða 106 brot. Sérrefsilagabrotum hefur fækkað á liðnum árum úr 75 árið 2006 í 35 brot árið 2008. Ákærum fjölgaði við embættið á árunum 2007 og 2008. Þetta gerðist þrátt fyrir að öll stærri brot færðust til sérstakrar rannsóknardeildar á Eskifirði.

Umferðarlagabrotum fækkaði talsvert samanborið við árið 2007. Skýringar geta verið nokkrar en þar vegur mest að dregið hefur mikið úr umferð í umdæminu. Um helstu þjóðvegi í umdæminu óku 628.912 ökutæki árið 2007 en árið 2008 voru ökutækin 521.545. Verulega jókst þó að ölvæðir ökumenn væru stöðvaðir en þar fjölgaði afskiptum úr 30 í 39 árið 2008. Ljóst er að ekki náðust markmið sem sett voru í langtímaáætlun embættisins 2008-2011 en samkvæmt henni hefðu kærð umferðarlagabrot átt að vera 1.213 miðað við 521.545 ökutæki. Hins vegar benda tölur úr umferðargreinum Vegagerðarinnar til þess að dregið hafi úr umferðarhraða.

Undir árslok 2008 varð ljóst að tollgæsla sem verið hafði eitt af stærstu hlutverkum lögreglustjórans á Seyðisfirði myndi á árinu 2009 ekki heyra undir embættið. Ný lög gera ráð fyrir að lögreglustjóri geti eftir sem áður annast tollgæslu eða aðstoðað við hana. Augljóst er að breytingin hefur mikil áhrif, einkum á lögregluna við embættið, og að semja þarf við tollstjórnann um aðkomu lögreglunnar að tollgæslu ef eftir verður leitað.

Rekstrarkostnaður lögreglunnar í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði árið 2008 var hærri en fjárveitingar til verkefnisins. Eigið fé frá árinu 2007 var 5,4 milljónir króna, en er nú neikvætt um 4,6 milljónir króna. Þó ber þess að geta að rekstrarkostnaður var í samræmi við rekstraráætlun.

Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi

Í umdæmi lögreglustjórans á Snæfellsnesi eru eftirfarandi sveitarfélög: Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.

Byrjað var á formlegum starfsmannaviðtölum í fyrsta sinn á árinu en yfirmenn lögreglunnar fóru á sérstakt námskeið þar að lútandi sem haldið var í Lögregluskóla ríkisins. Gengið hefur verið frá verklagi í samráði við ríkislögreglustjóra vegna félagastuðnings fyrir lögreglumenn. Markmiðið með því er að tryggja að lögreglumönnum verði veittur nauðsynlegur stuðningur við áföll í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra. Í almannavarnamálum hefur verið lokið við gerð áhættugreiningar og henni skilað til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Á hverju ári eru haldnar 3-4 bæjarhátíðir á Snæfellsnesi. Yfirleitt hafa þær farið vel fram en þrátt fyrir það fylgir þeim mikill launakostnaður fyrir lögregluna á Snæfellsnesi. Fjöldi umferðarlagabrota er mjög svipaður á milli áranna 2007 og 2008. Helst hefur fækkað í liðnum „önnur umferðarlagabrot“ en þar telur mest að fjöldi kæra vegna bílbeltanotkunar hefur dregist saman.

Þrjú mál voru send til rannsóknardeildarinnar. Alls voru skráð 108 hegningarlagabrot, 46 sérrefsilagabrot og 66 brunar og slys urðu í umdæminu en rannsókn þeirra fór fram venju samkvæmt heima í héraði. Auðgunarbrotum fjölgaði á milli ára úr 20 í 29. Langflest brotin voru framin frá júní til september eða 19 talsins. Fíkniefnabrotum fækkaði úr 12 í 7 þrátt fyrir að ekkert hafi verið dregið úr eftirliti með þessum brotaflokki fyrstu þrjá ársfjórðungana.

Fjöldi líkamsárása var samkvæmt bráðabirgðatölum 25. Af þeim voru 6 líkamsárásir tilkynntar á Dönskum dögum helgina 15.-17. ágúst 2008. Fjórar líkamsárásir voru kærðar til lögreglu á bæjarhátíðinni í Grundarfirði 25.-27. júlí 2008. Í Ólafsvík var hátíð 4.-6. júlí 2008 og var einungis ein líkamsárás kærð. Af 25 líkamsárásum sem kærðar voru til lögreglunnar voru 11 þeirra gerðar á bæjarhátíðum.

Tveir starfsmenn voru ráðnir tímabundið til embættisins um mitt ár 2007 vegna úrvinnslu gagna úr stafrænum hraðamyndavélum. Alls voru 16.125 brot skráð með stafrænum hraðamyndavélum skv. málaskrá lögreglunnar árið 2008. Flest brotin voru skráð í júní og júlí en fæst í desember. Teknar voru í notkun fimm nýjar stafrænar hraðamyndavélar í maí 2008, þar af fjórar á Suðurnesjum og ein í Hvalfjarðargöngum.

Á árinu 2008 var embættinu greitt fyrir sérstakt umferðareftirlit og skýrir það mikla aukningu á sértekjum milli áranna 2007 og 2008. Á árinu 2008 fengu lögreglumenn 30.000 kr. aukalaunagreiðslu á mánuði skv. kjarasamningi og ákvörðun ráðherra og skýrir það aukningu á aukagreiðslum á milli áranna 2007 og 2008.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fer jafnframt með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Umdæmið nær yfir Grindavík, Sandgerði, sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og sveitarfélagið Voga, auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

Lögreglustjóraskipti urðu á árinu er Jóhann R. Benediktsson óskaði eftir að láta af störfum í lok september 2008. Ólafur Kristófer Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, var settur lögreglustjóri frá 1. október til áramóta. Honum til aðstoðar var Jón F. Bjartmarz, settur aðstoðarlögreglustjóri, og Halldór Halldórsson, settur fjármálastjóri. Þríeykið, undir forystu Ólafs Kristófers, vann viðamiklar tillögur til breytinga á embættinu og stóð að uppskiptingu embættisins í samræmi við tillögur dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar.

Stærsta einstaka verkefnið, sem blasti við Ólafi og hans teymi, var að skapa embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum fjárhagslegan grundvöll og gera rekstraráætlun. Það verkefni þurfti að leysa í náinni samvinnu fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis og einnig samgönguráðuneytis, vegna þeirra sértekna sem flugöryggismál sköpuðu.

Til að koma á mótis við sveitarfélög í lögregluumdæminu var ákveðið að efla grenndarlöggæslu með grenndarlögreglustöðvum. Á hverri grenndarstöð átti að vera teymi þriggja lögreglumanna; þar af skyldi vera einn rannsóknar-lögreglumaður. Þessir lögreglumenn eiga að efla hverfa- og grenndarlöggæslu, sinna almennum lögreglustörfum, svo sem umferðareftirliti og eftir atvikum útköllum, auka forvarnastarf í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga og annast rannsóknir á minniháttar málum.

Haldnir voru 17 fundir í starfshópi um endurskoðun flugslysaáætlunar á árinu 2008, 11 kynningarfundir og „skrifborðsæfingar“ með verkþáttastjórum, vettvangsstjórum og aðgerðastjórn. Á árinu hófst vinna við áhættuskoðun í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, slökkviliðsstjóra sveitarfélaganna í umdæminu og fulltrúa frá Hitaveitu Suðurnesja.

Framkvæmdum við Reykjanesbraut lauk í október og var þá brautin loks orðin tvöföld. Nokkur umferðarslys urðu á Reykjanesbraut í byrjun árs.

Mikil áhersla var lögð á forvarnamál á árinu 2008. Allir grunn- og leikskólar í umdæminu voru heimsóttir á skólaárinu 2007-2008, þ.e. frá 1. september til 1. júní, með ákveðna fræðslu í huga sem byggist á misjöfnum áherslum eftir aldri barna og ungmenna. Aukin löggæsla var við leikskóla í umdæminu til að fylgjast betur með hvernig öryggisbúnaði barna í bifreiðum við leikskóla væri háttað og einnig til að ná niður hraða ökutækja við leikskóla og grunnskóla í umdæminu.

Árið 2008 boðaði miklar breytingar fyrir landamæradeild lögreglu- og tollstjórans á Suðurnesjum. Í ágústmánuði var embættinu skipt upp og færðar voru undan því bæði tollgæsla og öryggisgæsla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í framhaldi af þessum breytingum var svo unnið að frekari breytingum á embættinu og í lok ársins varð til nýtt embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þá tók gildi nýtt skipurit og var öll löggæsla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færð undir nýja deild, flugstöðvardeild.

Í heildina skrifuðu starfsmenn landamæradeildarinnar 50 skilríkja-rannsóknaskýrslur. Af þeim voru 37 vegna mála er komu upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en aðrar vegna skilríkja er aðsend voru frá öðrum embættum og stofnunum. Lagt var hald á alls 53 skilríki en þar er um verulega fjölgun að ræða frá fyrra ári en þá var lagt hald á 17 skilríki.

Á árinu 2008 var starfsmaður úr landamæradeild sendur fyrstur Íslendinga til samvinnuverkefnis á vegum FRONTEx. Verkefnið kallaðist Joint Operation Long Stop II. Starfsmaðurinn fór á undirbúningsfund til höfuðstöðva FRONTEx í Varsjá í Póllandi en tók svo virkan þátt í landamæraeftirliti á Frankfurt-flugvelli í 17 daga. Á árinu 2008 fóru tveir úr íslenska hópnum, annar í mars en hinn í september, á grunnþjálfunarnámskeið hjá FRONTEx vegna verkefnisins. Enn á eftir að senda þrjá menn á slík námskeið.

Það vekur athygli að auðgunarbrotum fækkaði áberandi árið 2007 en fjölgaði síðan á ný árið 2008. Skráð auðgunarbrot árið 2008 eru 369. Fjöldi þessara mála hefur sveiflast mikið milli ára eftir töluverða fjölgun í málafloknum fyrir nokkrum árum þegar umsvif í framkvæmdum hvers konar jukust mjög víðs vegar í umdæminu, ekki síst í byggingarframkvæmdum.

Kynferðisbrot sem komu til rannsóknar árið 2008 voru 44 en það eru nokkru fleiri brot en í meðalári hjá embættinu. Flest málín voru fremur hefðbundin í rannsókn. Árið 2008 kom 121 líkamsárás til rannsóknar en það er ámóta málafjöldi og

undanfarin ár. Ekkert manndráp átti sér stað og ekkert tilvik kom upp sem flokka má sem tilraun til manndráps.

Fjöldi fíkniefnabrota er nokkru yfir meðaltali síðustu þriggja ára og má rekja þá aukningu að mestu leyti til átaks almennrar lögreglu vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna. Í kjölfar nokkurra slíkra mála fundust fíkniefni, annaðhvort í bifreiðum, í fórum ökumanns eða farþega eða í húsleitum. Samtals var 221 fíkniefnabrot skráð á árinu en þau voru 186 árið 2007. Magn fíkniefna sem lagt var hald á var samtals árið 2008 tæplega 23 kg. Eftirtektarverður munur er á heildarmagni þeirra milli árána 2007 og 2008. Þess ber að geta að um 7 kg af e-pillum sem lagt var hald á árið 2007 eru talin í stykkjum.

Á árinu 2008 voru gefnar út alls 545 ákærur vegna 593 brota. Voru ákærur vegna umferðarlagabrota í miklum meirihluta en sérstök athygli er vakin á því að alls var ákært í 172 brotum vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Ákært var í 96 brotum vegna ölvunaraksturs og 67 brotum vegna aksturs án réttinda. Af öðrum brotum vekur athygli að ákært var í 63 brotum vegna vörslu og meðferðar ávana- og fíkniefna, 20 vegna minniháttar líkamsárásar og 10 vegna meiriháttar líkamsárásar. Þá var ákært fyrir 21 brot vegna skjalafals og misnotkunar skjala en það eru þau brot sem einkum koma upp á landamærum í tengslum við fölsuð ferðaskilríki eða notkun þeirra á annan hátt en til er ætlast. Árið 2008 voru 15 mál afgreidd með sáttamiðlun hjá embættinu. Sáttamiðlun þessara mála lauk í öllum tilvikum með sáttasamningi sem var efndur af samningsaðilum í öllum tilvikum og má því segja að framkvæmdin hafi gengið afar vel.

Á árinu 2008 var 101,9 m.kr. tekjuhalli af rekstri embættisins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir embættisins 84,8 m.kr., skuldir 270,0 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 186,1 m.kr. í árslok.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, sem jafnframt er sýslumaður á Ísafirði, fer með lögreglustjórn í eigin umdæmi og umdæmi þriggja annarra sýslumanna:

- umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði: Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur;
- umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík: Bolungarvíkurkaupstaður;
- umdæmi sýslumannsins á Ísafirði: Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur;
- umdæmi sýslumannsins á Hólmavík: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.

Eftir miklar breytingar á umhverfi löggæslu, sem átti sér stað á árunum 2006 og 2007, má segja að árinu 2008 hafi, fram eftir ári, verið varið í að ljúka því aðlögunarferli sem hófst síðla árs 2006 vegna sameiningar fjögurra lögregluliða. Þegar lítið er yfir árið 2008 og þess sem hefur áunnist má þess fyrst geta að 22. „stöðugildið“ bættist við hjá embættinu í maí mánuði 2008 þegar fíkniefnaleitarhundurinn Dollar hóf störf. Hundurinn hefur þegar sannað notagildi sitt og mun vera einn öflugasti fíkniefnaleitarhundur á landinu. Hefur hann verið að störfum allt frá því í júní 2008 og eflist og dafnar með degi hverjum.

Á sl. ári voru keyptir hnífahanskar fyrir lögreglumenn. Stuttu eftir þau kaup sannaði hanskin sig þegar lögreglumaður lenti í útistöðum við einstakling sem beit næstum af honum fingur. Lögreglumenn við embættið sóttu ýmis endurmenntunarnámskeið hjá Lögregluskóla ríkisins, m.a. námskeið um starfsmannasamtöl, kerfisstjóranámskeið og upprifjunarnámskeið um sáttamiðlun. Á haustmánuðum 2008 luku þeir lögreglumenn námi í vettvangsstjórnun sem áttu eftir að sitja slíkt námskeið. Í árslok 2008 voru því allir fastráðnir og menntaðir lögreglumenn við embættið búnir að ljúka námskeiði í vettvangsstjórnun.

Haldin var flugslysaæfing á Þingeyrarflugvelli í október 2008. Mikill tími fór í undirbúning æfingarinnar og tóku lögreglumenn frá starfsstöðvunum á Ísafirði og Patreksfirði þátt í henni. Æfingin gekk vel og voru menn reynslunni ríkari eftir að henni lauk. Nauðsynlegt er að halda æfingar sem þessar reglubundið en nú eru í umdæminu fjórir flugvellir og ein stór jarðgöng. Skv. áætlun Flugstöða á að halda flugslysaæfingar á fjögurra til fimm ára fresti fyrir hvern flugvöll og er því fyrirbyggjandi að æfingar eru að jafnaði haldnar árlega í umdæminu.

Hegningarlagabrot voru 228 talsins og komu rúmlega 57% þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Af 121 sérrefsilagabroti (utan umferðarlagabrota) sem kom til meðferðar lögreglunnar á Vestfjörðum fóru 47% þeirra til meðferðar rannsóknardeildar. Auðgunarbrotum fjölgaði milli ára, voru 27 árið 2007 en 61 árið 2008.

Engar sérstakar skýringar eru á þessari aukningu utan þess að nokkur ungmenni áttu stóran hlut í fjölda málanna. Lögreglan á Vestfjörðum náði sínum besta árangri í baráttunni gegn fíkniefnum á árinu 2008. Fíkniefnabrot voru 35 og haldlagningar 38. Lagt var hald á meira magn fíkniefna en nokkru sinni áður, eða rúmlega 800 grömm og 44 e-töflur.

Umferðarlagabrotum fjölgar um 85 miðað við árið 2007. Enginn sérstakur brotaflokkur sker sig úr ef frá eru talin brotin „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ en upplýstum brotum í þeim málaflokki fjölgaði verulega. Tvö banaslys urðu í umferðinni í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Handtökur og vistanir hafa tekið stórfelldum breytingum. Handtökur voru 100% fleiri á árinu 2008 en árið á undan. Einstaklingar voru 65% fleiri. Vistunum í klefa fjölgaði einnig verulega á milli ára, fóru úr 31 vistun í 74, sem er aukning um 148%. Þremur málum lauk með sáttamiðlun en mun fleiri málum var beint í þann farveg en málsaðilar sættu sig ekki við að ljúka málum með þeim hætti og því fóru þau mál í ákærumeðferð. Málsmeðferðarhraði er almennt góður en ekki hefur tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 5/2001.

Á árinu fór að gæta samdráttar í rekstri þegar fyrir lá að íslenska hagkerfið hafði hlotið mikla byltu og að ríkisrekstur færi ekki varhluta af því. Lítið var um einkennisfataúthlutanir á árinu 2007 og vegna vanefnda birgja færðust flestar úthlutanir til ársins 2008. Því er kostnaður vegna kaupa á fatnaði lögreglumanna óvenjuhár þetta árið.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Í umdæmi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum er sveitarfélagið Vestmannaeyjabær. Meðal þess sem embættið lagði áherslu á á árinu var að auka og bæta eftirlit með fíkniefnum, eftirlit með útlendingum, landamæraeftirlit og umferðaeftirlit.

Stærsta einstaka löggæsluverkefni lögreglustjórans í Vestmannaeyjum á hverju ári er skipulagning og löggæsla á þjóðhátíð Vestmannaeyja. Í löggæsluliði Vestmannaeyja eru 11 lögreglumenn og á hverri hátíð er fenginn annar eins fjöldi lögreglunnanna ofan af fastalandinu til aðstoðar. Hátíðin 2008 fór vel fram þrátt fyrir að hafa verið ein sú stærsta sem haldin hefur verið. Færri fíkniefnamál komu upp en áður og ekkert kynferðisbrot var tilkynnt eða kært til lögreglunnar. Embættið fékk nú í fyrsta sinn aðstoð sérsveitarmanna frá ríkislögreglustjóra.

Þann 14. mars 2008 fékk embættið nýjan fíkniefnaleitarhund til afnota, en áður hafði tíkin Tanja verið hér frá árinu 2001. Nýr hundur er einnig tók af tegundinni Springer Spaniel og ber hún nafnið Luna. Fóru hundurinn og þjálfari hans á byrjendanámskeið fyrir fíkniefnaleitrahunda og þjálfara þeirra í maí 2008 og útskrifuðust þau 26. þess sama mánaðar

Almannavarnanefnd Vestmannaeyja hélt þrjá bókaða fundi á árinu 2008. Þá óskaði nefndin eftir því við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra að unnið yrði ítarlegt áhættumat vegna eldgoss í og við Vestmannaeyjar og einnig vegna ferjusiglinga til og frá Vestmannaeyjum.

Fjöldi auðgunarbrot virðist vera sveiflukenndur á milli ára þar sem árin 2005 og 2007 var svipaður fjöldi eða milli 40 og 50 en árin 2006 og 2008 var fjöldi auðgunarbrot um 70. 35% þeirra auðgunarbrot sem koma til kasta lögreglu eiga sér stað í tengslum við þjóðhátíð Vestmannaeyja. Fíkniefnabrotum fjölgaði nokkuð á milli áruna 2007 og 2008 þegar þeim fjölgaði úr 25 í 46.

Ekki er mikil breyting á sérrefsilagabrotum og hefur fjöldi þeirra haldist í kringum 100 á ári. Brunarannsóknir á ári eru í kringum 15 en flestir brunarnir eru minniháttar og þarfnast ekki mikilla rannsókna. Slys og óhöpp sem koma til kasta lögreglu eru um 130 á ári, þar af eru vinnuslys á bilinu 10-15. Sjóslys eru um 3 á ári. Ákærumálum hefur nokkuð fjölgað við embættið í Vestmannaeyjum síðustu ár. Þannig hefur ákærum fjölgað um meira en helming frá árinu 2006. Umferðarlagabrotum hefur farið fækkandi á undanförunum árum. Þó hefur orðið aukning á ölvunarakstursbrotum og akstri undir áhrifum fíkniefna. Fíkniefnalagabrotum fór fjölgaði á síðasta ári miðað við síðustu tvö ár þar á undan. Flest brotin eru vegna vörslu og neyslu.

Kostnaður við löggæslu hefur aukist um tæp 4% milli áranna 2007 og 2008, þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri. Rekstur embættisins hefur orðið erfiðari síðustu ár, þar sem sífellt er beitt flötum niðurskurði, og þrátt fyrir stöðugan samdrátt í mannahaldi á skrifstofu og miklu aðaldi í rekstri lögreglu, bifreiða og annars virðist sífellt síga fremur á ógæfuhliðina. Aðrir liðir sem embættið getur lítt við ráðið hafa hér sérstaklega hækkað mikið, s.s. húsaleiga og lögreglubifreiðar.



